

ÞÓRGUNNUR SNÆDAL

RÚNARISTUR Á ÍSLANDI

Um skrána

Í skránni sem hér fer á eftir eru 96 tölusettar rúnaristur, 55 á legsteinum eða í hellum og 41 á gripum af ýmsu tagi. Elstu risturnar eru frá 10. eða 11. öld, þær yngstu frá síðari hluta 19. aldar, en þá hverfa rúnirnar að mestu af sjónarsviðinu með trafakeflum, lárúm og rúm fjöllum.

Tölusettar eru allar ristur þar sem ein eða fleiri rúnir verða ráðnar. Ristur, sem ekki verða lesnar, eða eru aðeins þekktar af afspurn eru settar með smærra lettri og ekki tölusettar. Ristur frá því eftir aldamótin 1900 eru ekki heldur tölusettar þar sem þær geta varla talist hluti af íslenskri rúnahefð. Tölur innan sviga vísa í skrána.

Risturnar dreifast nokkuð jafnt um Suður-, Vestur- og Norðurland, en eru færri á Austurlandi. Þaðan er aðeins vitað um einn, nú týndan rúna-stein við Hofskirkju í Álftafirði, sjá bls. 32, og af eldri munum er aðeins einn austfirskur, hurðin frá Valþjófsstað (88).

Elsta ristan er á spýtubroti sem fannst við fornleifarannsóknir í Viðey sumarið 1993 í gölfskán í skálarústunum (56). Fornleifafræðingar telja skánina vera frá 10. eða 11. öld.¹ Yngstu rúnirnar eru á rúm fjöl frá Löngumýri í Skagafirði (76) frá 1878.

Muni hef ég skráð á þann stað sem þeir komu frá á Þjóðminjasafnið, en stundum má rekja feril þeirra á aðrar slóðir. Um trafakeflið (85) segir í skrá Þjóðminjasafns að það sé fært safninu af Gunnari Gunnarssyni aðstoðarpresti á Sauðanesi og að menn ætli að Hallgrímur faðir Þorláks á Skriðu hafi smíðað keflið. Skriða er í Hörgárdal í Eyjafirði og keflið því upphaflega þaðan. Einnig gæti trafakeflið (62) verið að norðan þar sem prestsfrúin í Kálfholti á Holtum, sem gaf keflið á safnið, taldi sig afkom-

anda Þórunnar Jónsdóttur Arasonar á Grund í Eyjafirði og sagði keflið vera úr hennar eigu. Því miður er það samkvæmt skrá Þjóðminjasafns, varla eldra en frá fyrri hluta 17. aldar. Hér skeikar þó ekki miklu þar sem Þórunn lést 1593.

Steinristur og rúnarannsóknir á Íslandi

Elstu legsteinar með rúnum eru frá 14. öld (34) og (40), þeir yngstu (43) og (55) frá miðri 19. öld.² Þeir sem eru frá 16. og 17. öld voru því ekki ýkja gamlir þegar Arngrímur Jónsson lærði komst svo orði í kaflanum um tungu þjóðarinnar í *Crymogæu*: „Víst er að enn sjást nokkrir steinar hjá oss með áletrunum sem margir geta ennþá lesið og skrifað. En þær eru á sjálfri tungu vorri með öllu óbreytttri.“³ Þessi orð Arngríms gáfu hinum þekktu danska fornfræðingi Ole Worm ástæðu til að halda að Ísland lumaði á mörgum rúnaristum frá landnámsöld, en þegar hann mæltist til að fá frekari vitneskju um slíka steina færðist Arngrímur undan:

Ef þess er krafist að fá allar legsteinsáletranir eru göngur og ferðalög nauðsynlegar og svo eru þeir allir veðraðir og skriftin ekki nógu greinileg þar sem slíkar áletranir eru höggnaðar í þá hörðu steintegund sem við köllum blágrjót eða blágrýti og þær eru svo sjaldgæfar að ég get tæplega talið upp fjóra eða fimm hér á Norðurlandi, og þegar ég samkvæmt kröfu Kanslarans bið um að fá áletranirnar segjast þeir ekki geta lesið þær og frásagnir þeirra um þær eru einskis virði.⁴

Seinna ber hann því við að „landar sínir séu deigir til þess að opna hug sinn eða sýna þekking sína á þessum efnum, fyrir þá sök að á þá, sem sinna rúnum, falli grunsemd um svartagaldur, einkum hjá höfuðsmönnum Dana hér, svo ekki brestir mikið á, að þeir séu teknir undir rannsókn.“⁵

Fáir rúnasteinar voru að vísu á slóðum Arngríms á Norðurlandi, en á hinn bóginn hefur honum tæplega verið ókunnugt um að á hans yngri árum voru gerðir a.m.k. tveir slíkir steinar í Skagafirði, (42) á Mælifelli í upphafi 17. aldar og (44) í Stórholti, sem sennilega var lagður laust eftir 1570.

Elstu myndir af íslenskum rúnalegsteinum eru í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar* og *Bjarna Pálssonar* (1752–57). Það eru steinarnir Borg 1 (26)

1. mynd. Flekkuleiði er grasigróinn hraunhæð skammt frá eyðibýlinu Flekkuvík á Vátnsleysuströnd. Á 17. eða 18. öld hefur einhver merkt staðinn með rúnaristu: h(ér) h(vílir) Flekka (5). (Ljósm. Þórgunnur Snædal).



og Hvammur 1 (20)⁶ og Eggert lýsir báðum ítarlega. Borg 1 telur hann vera legstein Kjartans Ólafssonar, má vera að hann sé höfundur þeirrar kenningar. Um miðja 19. öld höfðu þegar orðið til þjóðsögur um steininn.⁷

Fárra rúnalegsteina er getið í þeim frásögum um fornaldarleifar sem prestum á Íslandi var gert að senda Commissionen til Oldsagers Opbevaring í Kaupmannahöfn 1817–1823. Nokkrir voru þá vel þekktir, t.d. steinninn frá Grenjaðarstað (51), sem var meðal þeirra 10 fornleifa sem fyrstar voru friðaðar á Íslandi samkvæmt lögum 1817 og prestunum hefur því ekki fundist ástæða til að minnast á þá.⁸

Á rannsóknarferðalögum sínum um landið 1837 og 1839–1842 skoðaði og teiknaði Jónas Hallgrímsson 19 rúnaristur, m.a. steinana að Hvammi í Norðurárdal og risturnar í Bjarnarhelli. Jónas gekk einnig úr skugga um að Flekkuleiði (5) var ekki gamalt kuml heldur venjulegur hraunhóll:

Af því hingað og þangað var að sjá steinsnyddur út úr brúnum hæðarinnar, þótti líklegt að vera mundi steinhleðsla. Grassvörðurinn var því allur afskorinn og moldinni sópað af grjótinu, var þetta jarðlag hvergi meira en hálft fet á þykkt. – Þá kom í ljós, að undir var einlæg jarðföst klöpp, eður rjettara sagt hraungarður, svo þar hefur aldrei nokkur maður heygður verið.⁹

Árið 1883 ritaði Björn M. Ólsen um rúnir á Íslandi í bókinni *Runerne i den oldislandske literatur*. Þar rennir hann stoðum undir þá kenningu að fornþókmennirnir hafi frá upphafi verið varðveittar á rúnabókum eða keflum. Sú skoðun á sér nú fáa formælendur meðal rúnafræðinga. Eflaust hefur þó tíðkast að rista vísur og annað á kefli þótt ekki sé víst að heilar bækur eða löng kvæði hafi varðveist á þennan hátt. Áhrif frá rúnaleturstafsetningu sem gætir sumstaðar í handritum stafa líklega af því að þeim sem vanir voru að rista eða rita rúnir hefur hætt við að nota sömu ritreglur þegar þeir fóru að rita með latínustöfum.¹⁰

Árið 1934 birti Finnur Jónsson lítinn bækling um rúnir, *Rúnafræði í ágrip*, en þar greinir hann frá hinum fjölbreyttu kenningum um hvaðan rúnirnar séu runnar og lýsir þróun rúnaletursins frá hinu eldra 24 stafa stafrófi í hið yngra með einungis 16 stöfum. Í viðauka lýsir hann 34 íslenskum rúnaristum og rúnalegsteinum.¹¹

Skömmu síðar hófst undirbúningur að vísindalegri útgáfu á íslenskum rúnaristum. Ísland var enn hluti af Danaveldi og útgáfan var undirbúin samhliða nýrri útgáfu á rúnaristunum í Danmörku sem kom út 1941–1942. *Islands Runeindskrifter* (IR) kom út 1942, sem annað bindi í ritarröðinni Bibliotheca Arnemagnæana. Höfundur var ungur danskur rúnafræðingur, Anders Bæksted (1906–1968).

Bæksted ferðaðist um Ísland og skoðaði rúnaristur árin 1937, 1938 og 1939. Því miður kom heimsstyrjöldin í veg fyrir að hann fengi lokið verkinu sem skyldi. Hann fékk ekki nauðsynleg gögn frá Íslandi og áform hans að birta rúnaristurnar í samvinnu við þáverandi þjóðminjavörð, Matthías Þórðarson, sem var manna fróðastur um íslenskar rúnaristur, fóru út um þúfur.¹²

Þrátt fyrir erfiðar kringumstæður er IR gerð af þeirri vandvirkni og umhyggju um smáatriði sem setur svip sinn á allt sem Anders Bæksted skrifaði um rúnir, en þar má m.a. nefna doktorsritgerð hans Maalruner og Trolldruner (1952).

Í IR (bls. 13–70) rekur hann sögu og þróun íslenska rúnastafrófsins

sem eðlilega er mjög skylt norska rúnaletrinu. Hann aldursgreinir rúnalegsteinana út frá rúnagerðunum og málinu, að svo miklu leyti sem það er hægt. Á eldri steinum er t.d. ritað: * **IR IIR her ligr** (36) með **h** og **e-** rún af eldri gerð. Á yngri steinum aftur á móti **XIR IIR hier liggur** (31) með **h-** og **e-** rún af yngri gerð. Þessi tímasetning er þó ekki alltaf áreiðanleg, á mörgum steinum blandast eldri og yngri rúnagerðir eins og t.d. á Borg 1 (26).

Aldursgreining er að sjálfsgöðu einföld ef nöfnin á steinum eru þekkt úr öðrum heimildum, en það á við um um þriðjung steinanna. Steina sem bara er til brot af eða aðeins eru þekktir af ónákvæmum teikningum er að sjálfsgöðu ekki hægt að tímasetja með vissu. Ljóst er að flestir steinanna eru frá 15. og 16. öld. Þrír eða fjórir eru frá lokum 14. aldar og jafnmargir eru að öllum líkindum frá 17. öld.¹³

Sýnu erfiðara er að aldursákvarða risturnar í Bjarnarhelli (28) og Paradísarhelli (11). Ristan í Bjarnarhelli er nú að mestu ólæsileg en í Paradísarhelli eru um 30 rúnaristur greinanlegar, að ótöldu öðru kroti. Þær elstu eru sennilega frá 15. öld, þær yngstu frá upphafi 20. aldar. Bæksted taldi þær ungar og í IR birti hann aðeins 14 ristur, samtals 16 nöfn, allar á broti af gólfhellunni sem myndar gólfð í dálitlum skúta í norðvesturhorni hellisins.

Finnur Magnússon minnst á Paradísarhelli í bókinni *Runamo og Runerne*. Hann álítur risturnar mjög gamlar, jafnvel frá 11. og 12. öld og heldur því fram að Ari og Sæmundur sem eiga nöfn sín þarna í hellinum séu þeir Ari fróði og Sæmundur fróði.¹⁴

Ekki er líklegt að nein af þessum ristum sé frá 11. eða 12. öld, en margar þeirra eru eflaust frá því fyrir 1600, m.a. má benda á að í ristu 11:13. **hēr hefēr komid salomon** eru bæði **h**-rúnin og **e**-rúnin af eldri gerð og rithátturinn **her** er eldri en **hier** sem varla fer að tíðkast fyrr en á seinni hluta 15. aldar. Þessi rista gæti því jafnvel verið eldri en rista séra Steinmóðs: *Hér kom síra Steinmóður* (11:14). Steinmóður Bárðarson (†1481) var prestur nyrðra og í Skálholtsbiskupsdæmi og ábóti í Viðey frá 1444. Hans er oft getið í skjölum frá þessum tíma og kallaður duglegur og harðskeyttur. Sennilega hefur hann komið í Paradísarhelli síðsumars 1451, en á Bartholomæusmessu (24. ágúst) það ár var hann ásamt Gottskálki biskupi á Núpi undir Eyjafjöllum, aðeins fáum kílómetrum austan við hellinn.¹⁵

Í lýsingu á hellinum í Árbók fornleifafélagsins 1902 dregur Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi þá ályktun að flestar risturnar á hellubrotinu séu gerðar af sama manni: „Hygg eg þær flestar, eða allar, eftir sama

mann. En þar af leiðir ekki, að þær séu allar höggnaðar í sama sinn. Rúna-meistarinn hefir, ef til vill, búið þar nálægt og fylgt þangað ýmsum mönnum.“

Ekki er ljóst hvort Brynjúlfur hefur haft Hjalta Magnússon, Barna-Hjalta, í huga, en munnmælin eignuðu honum risturnar og átti hann að hafa gert þær sér til dægurstyttingar þegar hann dvaldist í hellinum laust eftir miðja 16. öld á flóttu frá fjandmanni sínum Páli lögmanni Vigfússyni, bróður barnsmóður hans Önnu á Stóru-Borg. En ályktun Brynjúlfs er röng þar sem augljóst er að risturnar eru ekki gerðar af sama manni á skömmum tíma, hvort sem Hjalti hefur hafst við í hellinum eða ekki.¹⁶

Rúnir á munum

Bæksted gerir steinunum góð skil í *Islands Runeindskrifur* en virðist ekki hafa haft mikinn áhuga á öðrum ristum, nema þeim helstu og elstu. Oft virðist hann annaðhvort ekki hafa vitað hvaðan hlutirnir voru eða ekki hirt um að geta þess. En vitneskja um það er að sjálfsögðu mikilvæg ef litið er á dreifingu rúnanna um landið. Hann nefnir t.d. ekki fundarstað rekunnar frá Indriðastöðum (69) eða að brýnisbrotið (72) er fundið að Hvammi í Hvammssveit. Rúnirnar á því eru ekki ósvipaðar rúnunum á rekunni, einnig er **s**-rúnin af stuttrúnagerð, stutt strik af hálfri rúnahæð: ¹, en sú gerð virðist ekki hafa tíðkast hér á landi seinna á miðöldum nema settur væri punktur eða strik á neðri endann: ¹¹. Það er því ekki útilokað að brýnið sé frá 12. eða 13. öld, eða frá dögum Sturlunganna að Hvammi.

Athyglisverðir eru snældusnúðarnir frá Hruna (60) og Stórumörk (65). Rúnirnar, sérstaklega **r**-rúnirnar, þóttu benda til að snúðarnir væru frá Grænlandi. Bæksted tímasetur þá til 14. aldar samkvæmt þágildandi tímasetningu á grænlenskum ristum. En síðan hafa **r**-rúnir með þessu sniði (𐀫𐀫) fundist í norskum, orkneyskum og suðureyskum ristum frá 12. og 13. öld og virðist vera um tímabundna tísku að ræða, sem seinna festist í sessi á Grænlandi. Það er því ekki óeðlilegt að Íslendingar hafi einnig notað slíkar rúnir.¹⁷

Séra Jóhann Briem í Hruna, sem sendi Þjóðminjasafninu snúðinn sem fannst þar 1880 (60), gat sér þess til í meðfylgjandi bréfi að hér væri kominn snældusnúður Þóru Guðmundsdóttur, móður Gissurar Þorvaldssonar. Þóra kom að Hruna 1197 og bjó þar í fullan aldarþriðjung. Þessi ályktun er ekki óhugsandi þar sem rúnirnar gætu verið frá öndverðri 13.

öld, en þar eð Þóra er með algengustu kvenmannsnöfnum er ekki gerlegt að eigna Þóru Guðmundsdóttur snúðinn með vissu.¹⁸

Elstu áreiðanlega tímasettu rúnir í tréskurði, yngri en frá miðöldum, eru á fagurlega útskornum lár frá Svalbarði í Eyjafirði með ártalinu 1673 (82), en líklegt má telja að notkun þeirra í slíkum útskurði hafi verið algeng frá upphafi. Í IR tekur Bæksted ekki með nema fáar af þessum ristum og álitur að ekkert samband sé á milli þeirra og miðaldaristanna¹⁹, en saga rúnanna á Íslandi er ekki nema hálf sögð nema tekið sé tillit til þeirra. Einstök er áletrunin á vatnsdýrinu frá Vatnsfjarðarkirkju (73). Kannan var gefin safninu 1825 af syni Skúla Thorlaciusar, en Skúli hafði keypt hana á uppboði eftir sagnfræðinginn P. F. Suhm (1728–98). Vatnskönnur af þessu tagi eru frá 13. öld og voru notaðar við altarisþjónustuna. Þessi kanna er að öllum líkindum það koparljón sem Jón Ólafsson frá Grunnavík segir að hafi fundist á dögum Jóns prófasts Arasonar í Vatnsfirði (1636–1673) í haug nálægt prestsetrinu²⁰ og var að öllum líkindum selt úr landi 1651 ásamt fleiri kirkjugripum. Um feril þess frá því og þangað til það komst í eigu Suhms um 100 árum síðar er ekkert vitað. Bæksted og á undan honum Kr. Kålund er sannfærður um að rúnirnar séu seinni tíma fölsun og ristar „for at gøre løven intressantere som antikvitet.“²¹

EKKI eru öll kurl komin til grafar hvað snertir rúnir í íslenskri tréskurðarlist frá seinni öldum og á öðrum munum, þar sem þessi skrá nær aðallega yfir muni í Þjóðminjasafni. Áreiðanlega leynast fleiri slíkir munir í byggðasöfnum landsins og í einkaeign, vona ég að þeir skili sér smám saman inn í framhaldi af þessari skrá.²²

Legsteinar og aðrar ristur í stein

1. *Útskálar* 1, Gullbringusýslu, Þjms. 10927, hraungrýti, l. 92 cm, br. 41 cm, þ. 28 cm, rh. 7,3 cm:

hier : huiler : breti-- : orms dotter : lese : þu paternoster fyrer : sal : hennar

Hér hvílir Brettifa Ormsdóttir. Lesi þú paternoster fyrir sál hennar.

Steinninn fannst um 1840 í stétt við kirkjudyrnar. Hann var sendur til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn 1843, en kom á Þjóðminjasafn 1930. Rúnirnar eru fremur grunnar og ristan ekki auðlesin. Bæn um að sá sem sjái legsteininn lesi *Paternoster*..., faðirvor á latínu, er einnig á (16) og algeng á miðaldalegsteinum í Noregi og Svíþjóð. Brettifa Ormsdóttir er ekki þekkt úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1400–1500?²³

2. *Útskálar* 2, Gullbringusýslu, Þjms. 10928, hraungrýti, l. 48,5 cm, br. 45 cm, þ. 16 cm, rh. 6 cm:

her huiler ma-...

Hér hvílir Magnús, (Margrét?).

Eins og *Útskálar* 1 fannst þessi steinn í stéttinni að kirkjudyrnum. 1843 var hann sendur á Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn, kom 1930 á Þjóðminjasafn. Tímasetning í IR: 1400–1500.²⁴

3. *Hvalsnes* 1, Gullbringusýslu, Þjms. 10929, hraungrýti, l. 65 cm, br. 39 cm, þ. 24 cm, rh. 6 cm:

her : huilir : margr...

Hér hvílir Margrét.

Steinninn fannst í Hvalneskirkjugarði, ekki er vitað hvenær. Eins og steinnarnir frá *Útskálum* var hann sendur til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn 1843 og kom á Þjóðminjasafn 1930. Tímasetning í IR: 1450–1500?²⁵

4. *Hvalsnes* 2, Gullbringusýslu, Þjms. 5637, grágrýti (dolerit), l. 118 cm, br. 40 cm, þ. 7–30 cm, rh. 9–14 cm:

her hu---r ❖ ingibrig : -of-s : doter

Hér hvílir Ingibjörg(?) Loftsdóttir.

Steinninn, sem er í tveimur brotum, fannst laust eftir aldamótin 1900, kom á Þjóðminjasafn 1908. Tímasetning í IR: 1475–1500?²⁶

5. *Flekkuvík*, Gullbringusýslu. Hraunsteinn á grasigróinni hraunhæð, svo nefndu Flekkuleiði, suðaustur frá bænum, um 90 metra vestan við (gamla) afleggjarann og um þrjá metra innan við túngarðinn. Hraunhellan er um 42x33 cm. Steinninn er nokkuð sokkinn í jörð svo þykktin varð ekki mæld, rh. 7,5–9 cm:

h h flecka

H(ér) h(vílir) Flekka.

Rúnirnar eru djúpar og vel varðveittar. Ekki er auðvelt að tímasetja þessa ristur en hún er varla eldri en frá 17.öld. Flekkuleiðis og rúnasteinsins er fyrst getið 1817 í skýrslu séra Guðmundar Böðvarssonar um fornaldarleifar í Kálfatjarnarsókn (sjá einnig inngang bls. 7–8).²⁷

6. *Rafnkelsstaðir* (í Réttarholtslandi), Gullbringusýslu, hraungrýti, l. (sýnileg) 130 cm, h. 40 cm, þ. 50 cm. rh. 7 cm. Steinninn, sem líklega hefur verið reistur, liggur undir hamrabeltinu Kistugerði, um 20 metra neðan og vestan við Kistuna, og um 5 metra frá fjöruborðinu.



2. mynd. Undir hamrabeltinu Kistugerði við Rafnkeilsstaði á Reykjanesi liggur steinn með rúnaristu, sem e.t.v. má ráða Mikjáll á (6). (Ljós. Þórgunnur Snædal).

mikela

Mikkel/Mikjáll á?

Ekki er gott að vita hve ristan er gömul, en hún er tæplega eldri en frá 17. öld. Steinsins er fyrst getið í skýrslu séra Sæmundar Einarssonar um fornaldarleifar í Útskálasókn.²⁸

Hvaleyri við Hafnarfjörð, Gullbringusýslu. Ýmsar ristur á flötum steini nálægt sjónum, nöfn, fangamörk, búmerki og bandrúnir.²⁹

Við Ás í Áshreppi í Rangárvallasýslu er Skollhólahellir, manngerður hellir með allmiklu kroti, en ekki virðist vera um eiginlegar rúnir að ræða. Við Ás var einnig annar hellir með kroti á veggjum, sem Einar Benediktsson og Jóhannes Kjarval rannsökuðu.³⁰

Árbæjarhellir á Holtum í Rangárvallasýslu. Einar Benediktsson og Jóhannes Kjarval heimsóttu einnig helli við Árbæjarhelli á Holtum. Í Þjóðminjasafni eru varðveitt deigmót af ýmsum merkjum í þessum helli sem Einar Benediktsson gaf safninu (Þjms. 6675). Af mótunum að dæma voru þetta ekki eiginlegar rúnir heldur krot og tákn af ýmsu tagi.³¹

7. *Teigur 1*, Rangárvallasýslu, Þjms. 9374, stuðlaberg, l. 115 cm, br. 23 cm, þ. 23 cm, rh. 7,5–10 cm:

hier : huiler : uigfus : magnus : son : i : gu-...

Hér hvílir Vigfús Magnússon í Guði.

Steinninn lá í kirkjugarðinum á Teigi þar til hann var fluttur á Þjóðminjasafn laust eftir aldamótin 1900. Sennilega var hann lagður yfir Vigfús Magnússon, sem bjó á Höfðabrekku í Mýrdal og lést 1677.³²

8. *Teigur 2*, Rangárvallasýslu, Þjms. 9377, legsteinsbrot, br. 16,4 cm, þ. 4,5 cm, rh. 12 cm. Á brotinu er ein **h**-rún. Kom á Þjóðminjasafn um leið og (7) *Teigur 1*.³³

9. *Eyvindarmúli 1*, Rangárvallasýslu, Þjms. 10445, stuðlaberg, l. 62,5 cm, br. 9,5 cm, þ. 19–21 cm, rh. 8–9,5 cm:

-ierhuelerbiarni : eireKs : son

Hér hvílir Bjarni Eiríksson.

Steinninn var lengi í bæjarkampi að Eyvindarmúla og kom á Þjóðminjasafn um 1930. Gæti verið yfir Bjarna Eiríksson, sem var uppi á fyrri hluta 17. aldar. Tímasetning í IR: 1500–1600.³⁴

10. *Eyvindarmúli 2*, Rangárvallasýslu, Þjms. 10446, stuðlaberg, l. 61 cm, br. 13 cm, þ. 16 cm, rh. 9–13 cm:

hner : hukme- --hkamm-kkn-

Steinninn var ásamt Eyvindarmúla 1 (9) í hleðslu í bæjarkampi þar til hann var fluttur á Þjóðminjasafn um 1930. Sennilega er um dulrúnir að ræða, e.t.v. mætti ráða upphafið: *Hér hvílir...*³⁵

11. *Paradísarhellir* (milli Seljalands og Fitjar), Rangárvallasýslu. Rúnaristur á hellisgólfinu. Flestar eru á tveimur brotum af gólfhellunni innst í norð-vesturhluta hellisins, sem mynda gólf á litlum skúta innaf hellishvelfingunni. Bæksted birti í IR aðeins 14 ristur með samanlagt 16 nöfnum, þótt honum hafi verið kunnugt um teikningu séra Steingríms Jónssonar í Odda (síðar biskups) af ristunum bæði á brotunum og á víð og dreif um gólfhelluna. Alls telur Steingrímur upp 19 ristur, samanlagt 20 nöfn, en margar virðast hafa verið torlesnar. Því miður er gestabók hellisins geymd á efsta brotinu, hornin á kassanum utanum bókina hafa skafið margar ristur og gert þær illlæsilegar. Risturnar á gólfhellunni innan við hellisopið eru að mást út af traðki og krotað hefur verið ofaní margar þeirra. Þær eru því tæplega læsilegar lengur.



3. mynd. Í Paradísarhelli (11). (Ljósm. Þórgunnur Snædal).

Þessar ristur eru á efsta brotinu:

- 1) **petur** : **ólason** *Pétur Ólason*
- 2) **ári** *Ari*
- 3) **arne runolfr hallr** *Árni, Runólfur, Hallur*
- 4) **andres** *Andrés*
- 5) **gunnar** *Gunnar*
- 6) **halldor** *Halldór*
- 7) **magnus** *Magnús*
- 8) **halur** *Hallur*
- 9) **bergfinnr** *Bergfinnur*
- 10) **grimur** *Grímur*
- 11) **semutr þorarins** *Sæmundur Þórarins(son)*
- 12) **sigfus** *Sigfús*
- 13) **hēr hefer komid salomon** *Hér hefur komið Salómon*
- 14) **hier** : **kom** : **sira** : **steinmadr** *Hér kom síra Steinmóður*
- 15) **[ain]ār** : **a** : **þitta** : **mark** : *Einar á þetta mark*
- 16) **halsstein þorgrimr hllr** *Hallsteinn, Þorgrímur, Hallur(?)*

Á þessu broti eru ennfremur leifar af (rúna)ristum og margvíslegu kroti, m.a. má til hægri við ristu 11 sjá leifar af galdrastaf eða lykli sem líkist ægishjálm. Á broti milli efsta brotsins og gólfsins eru einnig ristur, en erfitt er að lesa þar nokkuð í samhengi, á efri kantinum er löng rista (17) en aðeins fyrstu rúnirnar eru læsilegar.

17) **ari ... Ari**

Eftirfarandi ristur eru á gólfhellunni innan við hellisopið, margar mjög máðar:

18) **hir ok biörn** *Hér og Björn*

19) **hāralt-r...** *Haraldr...*

20) **hilki** *Helgi*

21) **paintur** *bændur(?)*

22) **arni** *Arni*

23) **runolfr ionsson** *Runólfur Jónsson*

24) **þórir** *Þórir*

25) **hallr** *Hallur (með öfugum rúnum)*

26) **þorolfur arnason** *Þórólfur Arnason*

27) **þorkii-** *Þorkell (?)*

28) **ion...** *Jón...*

29) **helkilakm---** *Helgi (lagsmaður?)...*

Fyrir miðjum helli, við norðurbrún gólfhellunnar, eru nokkrar ristur sem ekki eru á teikningu Steingríms og gætu því verið yngri. Ekki verður lesið úr þeim með vissu nema eitt nafn sem er rist með kvistrúnum.

30) 2:4 2:2 1:1 3:5 2:3 2:5

a n t r i s *Andrés*

Ofan til hægri við þessar rúnir er löng ólæsileg rista, til hægri við hana má e.t.v. lesa nafnið *Magnús* eða *Markús*. Norðaustantil í hellinum er krotað með snyrtilegum rúnum innan rammastrika:

helgi : salomonsson 1911

Fleiri ristur og margvíslegt krot, bandrúnir og fangamörk, er að finna í hellinum. E.t.v. mætti ráða fleiri ristur við góða lýsingu ef gólfhellan væri rækilega hreinsuð, en óvíst er hvort það svari kostnaði.

Elstar eru risturnar 11: 1-16, sumar eflaust frá því fyrir 1600. Ef sú tilgáta er rétt að séra Steinmóður sé Steinmóður Bárðarson, ábóti í Viðey (sjá inngang, bls. 9) þá gæti sú rista verið frá 1451, en aðrar, t.d. 11:13, gætu jafnvel verið eldri.³⁶

Snorraríki í Húsadal á Þórsmörk, Rangárvallasýslu. Í hellinum er krot af ýmsu tagi, en ekki virðist vera um eiginlegar rúnir að ræða.³⁷

Rútshellir við Hrútafell, Rangárvallasýslu. Samkvæmt fornleifaskýrslu Ólafs Páls-sonar voru tvær rúnir $\text{†} \Psi \text{ a m}$ í hellinum. Ekki tókst mér að finna þær þegar ég skoðaði hellinn sumarið 1999.³⁸

Bárðarhellir í Brynjudal, Kjósarsýslu. Hellirinn er nú að mestu horfinn. Krotið í honum hefur líklega ekki verið eiginlegt rúnaletur.³⁹

12. *Reykholt 1*, Borgarfjarðarsýslu, Baulusteinn um tveggja metra langur, sem fannst í kirkjugarðinum 1837, sást seinast 1903, en nú týndur. Letrið var að mestu afmáð og þeim sem hafa reynt að ráða það ber ekki vel saman. Jónas Hallgrímsson greinir tvær bandrúnir, Magnús Grímsson aðeins meira (sjá 4. mynd).⁴⁰

13. *Reykholt 2*, Borgarfjarðarsýslu, nú týndur:

her h ... ok : ingh ir-...

Hér hvíla... (?) og Ingiríður (?)

Jónas Hallgrímsson fann steinninn í kirkjugarðinum 1840 og teiknaði hann sama ár og árið eftir. Steinninn var ferstrendur og flatur, um 40 cm langur. Af teikningum Jónasar að dæma gæti steinninn hafa verið frá 15. öld.⁴¹

14. *Reykholt 3*, Borgarfjarðarsýslu, nú týndur:

her huiler d ... er hennar sa...

Hér hvílir ... fyrir hennar sál.

Þessi steinn er eins og (13) aðeins þekktur af teikningu Jónasar Hallgrímssonar. Þetta var fimmstrendur Baulusteinn, um 50 cm langur. Af teikningum Jónasar að dæma gæti hann hafa verið frá 15. öld.⁴²

15. *Húsafell*, Borgarfjarðarsýslu, Þjms. 80, stuðlaberg, l. 60 cm, br. 5,5–10 cm, þ. 13 cm, rh. 5,5–8 cm:

**her : huiler : iuar : ualgards : son : suein : ok annar : air : sem :
gud : þeira : sal : hafi :**

Hér hvílir Ívar Valgarðsson, sveinn, ok annar Ari (?), sem Guð þeirra sál hafi.

Samkvæmt bréfi frá Sveinbirni Egilssyni til Finns Magnússonar 1838 fannst steinninn í húsvegg á Húsafelli, sennilega 1837. Hann var lengi á Bessastöðum, en kom á Forngripasafn Íslands 1864. Ívar var sonur síra Valgarðs Ívarssonar, sem var prestur á Húsafelli 1468–74, hefur Ari sennilega einnig verið sonur hans. Tímasetning í IR: 1475–1500.⁴³

10

LXXXIV.

Á Gilsbauga: Myrasýslu er legsteinninn í nyrðingardínum með þeirri letri á:

*+R: *NIR+R: VIR: IIR: bA: VIR: bA+R:

þ.e.: Þessi hólur Gils Sturlusonar Gilsasonar. Leitit er glögg. Allir.

Þar er og annar steinninn með þeirri letri:

ILIXIYXIZIXIFSHNLIQ*MM
6IZI+H+HWWZZIHHXWZPIE

LXXXV.

Þegar ég sá þorsteinninn á Gilsbauga. Helgason var prestur í Reykjavolti. minnti hann barn sitt eitt og lítt jafna þat norðanvest fyrir framman nyrðingardyr. Þat var um vetrar. En er líkmenumir huggu naxam fundu þeir stein fyrir í þessu og sáu brátt at þat var langur legsteinninn. En með því at jörðin var frosin og steinninn nátt inn undir fremstu gólfplata, þá bráðnaði nokkur af hornum. Þegar steinninn náðist upp sá ég þorsteinninn undir einu at hann var yfir Snorra Sturlusonar, og lítt hann vandlega gæta at hvert eugar þæmmur voru í moldinni. En þar fannst allir ekkert nema ein marmurstein, af metalmámi. Áleit prestur at þat voru bein Snorra. — Nú liggur þessi þorsteinninn í gróft þessari ogfærður minnill steinn yfir hann, og veit ég ekki betur en at steinn Snorra sé undir hinum minna steini. — Þegar ég sá Snorrasteininn sit áit, þá gat ég lesit þat sem hér í þessu af myndinni, og hét ég ekki heyrð at þessi þorsteinn hafi getað lesit meira, þegar steinninn fannst.

+ A B X * b b b 7
FORI

4. mynd. Teikning af legsteininum í Reykholti (12), sem talinn var legsteinn Snorra Sturlusonar, og frásögn af fundi hans með hendi séra Magnúsar Grímssonar á Mosfelli í Mosfellssveit († 1855). JS 149 fol.



5. mynd. Steinninn frá Kalmanstungu (16) fannst 1951. (Ljósm. Þjóðminjasafn).

16. *Kalmanstunga*, Mýrasýslu, Þjms. 15015, stuðlaberg, l. 156 cm, br. 16 cm, þ. 6 cm, rh. 8–10 cm:

+ her : huiler : ion : gils : son fins : sonar · les : eina : p-ter · noster · firir · hans · sal ·

Hér hvílir Jón Gilsson Finnssonar. Les eina pater noster fyrir hans sál.

Steinninn var lengi týndur en fannst aftur 1951 og kom á Þjóðminjasafn sama ár. Í Rúnólogíu sinni nefnir Jón Ólafsson frá Grunnavík rúnastein frá kirkjugarðinum í Kalmanstungu sem Árni Magnússon hafði séð og teiknað upp, hefur það sennilega verið þessi steinn. Bæn um að sá sem sér legsteininn lesi *Paternoster*, faðirvor á latínu, er einnig á (1). Jón Gilsson er þekktur úr nokkrum fornbréfum. Hann keypti Kalmanstungu 1398 og er talinn hafa andast 1429.⁴⁴

17. *Gilsbakki*, Mýrasýslu, var lengi í kirkjugarðinum vestan við kirkjuna, nú á Þjóðminjasafni, stuðlaberg, l. 120 cm, br. 10 cm, þ. –, rh. 6,5–7 cm:

her : huiler : gils : ions : son : gils : sonar

Hér hvílir Gils Jónsson Gilssonar.

Gils Jónsson hefur verið sonur Jóns Gilssonar frá Kalmanstungu og legsteinar þeirra feðga eru að öllum líkindum gerðir af sama manni. Ekki er hægt að skera úr um hvor steinninn sé yngri. Gils Jónsson er ekki þekktur úr öðrum heimildum og því er ekki vitað um dánarár hans.⁴⁵

Síðumúli á Hvítársíðu, Mýrasýslu. Í bréfi til Finns Magnússonar 1839 segist Þorsteinn Helgason hafa fundið og lesið nokkrar rúnir á steini við Síðumúla, en táknin á teikningu Þorsteins líkjast varla rúnum.⁴⁶



6. mynd. Steinninn frá Norðtungu (18) var týndur í mörg ár, en kom í leitirnar um 1950. (Ljós. Þórgunnur Snædal).

18. Norðtungu 1, Mýrasýslu, stuðlaberg, l. 150 cm, br. 21 cm, þ. 14 cm, rh. 6–12 cm:

+ her : huiler : pall : haldors : son sem : gud : hans : sal · hafe

Hér hvílir Páll Halldórsson, sem Guð hans sál hafi.

Legsteinn úr gamla kirkjugarðinum. Hann var týndur um tíma, en fannst í fjárhúsgarða um 1950 og liggur nú á grasbala austan við kirkjuna ásamt tveimur öðrum fornum legsteinum. Rúnirnar eru sæmilega auðlesnar. Steinninn er sennilega frá 15. öld. Páll Halldórsson er ekki þekktur úr öðrum heimildum.⁴⁷

19. Norðtungu 2, Mýrasýslu, nú týndur, l. 35 cm, br. 10 cm:

þorsteinn : þo...


Þorsteinn...

Jónas Hallgrímsson teiknaði steininn 1841. Hann var enn vís um 1890, en hefur síðan verið týndur. Að dæma af teikningu Jónasar Hallgrímssonar var steinninn gamall, **s**-rúnin er hnésól, **h**, **e**-rúnin er einnig af eldri gerð **†**. Steinninn gæti því hafa verið frá 14. öld og meðal elstu rúnalegsteinna.⁴⁸

20. Hvammur 1, Mýrasýslu, nú týndur:

her : huiler : semundr : gamla : son :

Hér hvílir Sæmundur Gamlason.



7. mynd. Þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson komu að Hvammi 1754 var steinninn (20) ennþá heill. 60 árum síðar fann Jónas Hallgrímsson aðeins smábrot af honum.

Steinsins er fyrst getið í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* (1772) og þar er einnig teikning af honum, sem þó er ekki gerð af þeim (7. mynd). Eggert lýsir steininum á þessa leið:


Auðsætt er að legsteinn þessi er allgamall. Má bæði ráða það af því hve máð lettrið er, og hinum stuttaralega rithætti. Á yngri rúnasteinum sem einnig eru nokkrir til, eru grafskriftirnar fjölorðar. Einnig er nú skrifað Hier i staðinn fyrir Her og Sæmundur fyrir Semundr. Áletrunin virðist vera frá 13. öld eða lítið eitt yngri, því að allra fyrst var ritað Sun fyrir Son, sem enn tíðkast. Ekkert vita menn um Sæmund þenna, en trúlegt er, að hann hafi verið í heldri manna tölu, því að ekki var títt að setja mönnum grafletur í þann tíma.

Þegar Jónas Hallgrímsson kom að Hvammi 1841 fann hann aðeins lítið brot af steininum. Teikningu hans ber ekki vel saman við teikninguna í *Ferðabókinni* um lögun rúnanna, í henni er t.d. ✖ en hjá Jónasi ✱. Tímasetning er því örðug. En þar sem Jónas Hallgrímsson teiknaði rúnirnar mjög nákvæmlega, af teikningum hans af steinum sem enn eru varðveittir að dæma, er líklegra að teikning hans sé réttari. Steinninn er því af eldri gerð, eins og Eggert bendir á, þótt ekki geti hann verið frá 13. öld. Sennilegt er að hann sé frá öndverðri 15. öld. Tímasetning IR um 1500. Sæmundur Gamlason er annars ókunnur.⁴⁹

21. *Hvammur 2, Mýrasýslu, nú týndur, l. um 75 cm:*

her : huiler : þorðr : ualgards : son : gud : hans : sal : hafe :

Hér hvílir Þórður Valgarðsson. Guð hans sál hafi.



8. mynd. Jónas Hallgrímsson teiknaði hinn steinninn í Hvammi (21) 1841, en hann var þá nýlega fundinn.

Steinsins er fyrst getið 1839 í bréfi frá Þorsteini Helgasyni presti í Reykholti til Finns Magnússonar. Þórður gæti hafa verið sonur séra Valgarðs Ívarssonar á Húsafelli eins og Ívar og Ari á Húsafellssteininum (15). Ef það er rétt hefur steinninn verið frá svipuðum tíma og (15), þ.e.a.s. um 1500.⁵⁰

22. Stafholt 1, Mýrasýslu, steinninn er horfinn undir grassvörðinn í kirkjugarðinum, l. rúmir 100 cm. Áletrun (samkvæmt Þorsteini Helgasyni, sjá (21)):

her : huiler kudmuntr ions son kud hans salu hafi

Hér hvílir Guðmundur Jónsson. Guð hans sálu hafi.

Jónas Hallgrímsson teiknaði steinninn 1841, en mynd hans ber ekki alveg saman við Þorstein Helgason hvað varðar seinni hluta textans:

hier huiler kudmuntur ionson gudmundsonar • hai...

Hér hvílir Guðmundur Jónsson Guðmundssonar...


Steinsins er fyrst getið 1839 í skýrslu Þorsteins Helgasonar til Finns Magnússonar. Steinninn verður ekki tímasettur en gæti verið frá 16. öld. Guðmundur ekki þekktur úr öðrum heimildum.⁵¹

23. Stafholt 2, Mýrasýslu, legsteinsbrotið er nú horfið undir grassvörðinn í kirkjugarðinum, l. um 35 cm:

gautr sigmu...

Gautr Sigmundsson(?).

Steinsins er fyrst getið 1839 í skýrslu Þorsteins Helgasonar. Gautur Sigmundsson er ekki þekktur úr öðrum heimildum. Engin teikning er til af steininum og verður hann því ekki tímasettur.⁵²



9. mynd. Teikning Jónasar Hallgrímssonar af einum (22) af þeim þremur steinum sem nú eru sokknir undir grassvörðinn í kirkjugarðinum í Stafholti.

24. Stafholt 3, Mýrasýslu, nú horfinn undir grassvörðinn í kirkjugarðinum, l. 66 cm, 11,5 cm, rh. 7 cm:

her : huiler : ion : o : la...

Hér hvílir Jón Ólafsson(?)

Björn M. Ólsen fann steininn í kirkjugarðinum, sennilega 1893. Hann var enn ofanjarðar 1938. Jón Ólafsson er ekki þekktur úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1475–1500?⁵³

25. Stafholt 4, Mýrasýslu, Þjms. 6172, stuðlaberg, l. 81 cm, þ. 16 cm, rh. 10 cm:

her : huiler : hallbiorg :-...

Hér hvílir Hallbjörg...

Steinninn fannst 1909 og kom 1911 í Þjóðminjasafn. Tímasetning í IR: 1475–1500?⁵⁴

26. Borg 1, Mýrasýslu, Þjms. 11049, stuðlaberg, l. 124 cm, br. 16 cm, þ. 16 cm, rh. 9 cm:

hier : huiler : halur : hrānason

Hér hvílir Hallur Hranason.

l-rúnirnar hafa strik til vinstri við legginn, þ.e.a.s. líta út eins og **t**. Eftir bandrúninni **son** stendur ókennilegt búmerki. Hallur Hranason er ekki þekktur úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1475–1500?⁵⁵

27. Borg 2, Mýrasýslu, Þjms. 11050, stuðlaberg í fjórum brotum, fimmta brotið vantar, br. 16 cm, þ. 12 cm, rh. 6–9 cm.

Brotið sem vantar hefur líklega verið um 15 cm langt og samanlögð lengd steinsins hefur verið 120–125 cm:

...r huiler under þo-gils... eiiofss--...*Hér hvílir undir Þorgils...Eyjólfsson.*

Steinninn er sennilega frá 15. öld og heldur eldri en Borg 1. Þorgils er ekki þekktur úr öðrum heimildum.⁵⁶

28. *Bjarnarhellir* við Hítarvatn, Mýrasýslu, rúnir og ýmislegt krot. Rúnir á sléttum fleti framan á klettastallinum vinstra megin í hellinum, innan við sætið, sem höggvið er í stallinn. Rúnirnar eru 6,5–10,5 cm háar og sennilega er upphaflega um þriggja eða fjögurra orða ristur að ræða, en bergið er nú veðrað og molnað svo margar rúnir verða ekki greindar með vissu (sjá 10. mynd). Undir þessari ristur eru leifar af öðrum ristum, m.a. bandrún og hakakross.

Í hvelvingunni ofanvið þessa rúnaristu eru fleiri ristur, m.a. er nafnið *Grímr grimr grimr* rist tvisvar, með djúpum og vel varðveittum rúnum.

Augljóst er að rúnirnar eru gamlar, sennilega frá 14. eða 15. öld. Til þess bendir m.a. að **e**-rúnin er stungin með punkti, seinna var notað stutt lárétt strik eða hringur. Bæði hellinum og ristunum er lýst ítarlega í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, í fornleifaskýrslu séra Björns Benediktssonar 1817 og af Jónasi Hallgrímssyni 1841. Teikningum þeirra þriggja ber þó ekki vel saman og því miður er ekki hægt að fylla í eyðurnar með þeirra hjálp þar sem bergið virðist hafa molnað töluvert síðan.⁵⁷

29. *Hallbjarnareyri* 1, Snæfellsnessýslu, nú týndur, l. um 125 cm, þ. um 18 cm:

her huiler unndir ualgerdur gunnars dottir og bidid firir mer*Hér hvílir undir Valgerður Gunnarsdóttir, og biðjið fyrir mér.*

Steinninn fannst 1814 í gamla kirkjugarðinum á Hallbjarnareyri, en kirkja lagðist þar af 1565. Aldursákvörðun er erfið þar sem engin nákvæm teikning af steininum er til. Að dæma af uppskrift Ebenezer Hendersons (1818) gæti hann hafa verið frá 15. öld. Þessi kona er ekki þekkt úr öðrum heimildum.⁵⁸

30. *Hallbjarnareyri* 2, Snæfellsnessýslu, nú týndur, l. um 100 cm, þ. um 15 cm:

+ her huiler margreta geirm-----*Hér hvílir Margréta Geirmundardóttir(?)*

Aldursákvörðun sjá Hallbjarnareyri 1. Margréta er ekki þekkt úr öðrum skjölum.⁵⁹



10. mynd: Rúnirnar í Bjarnarhelli eru að öllum líkindum frá miðöldum, sennilega frá 14. eða 15. öld. Til þess bendir m.a. **e**-rúnin í neðstu línu til hægri sem stungin er með punkti, þessar rúnir eru nokkuð skýrar: **reanus** (Ljósm. Þórgunnur Snædal).

31. *Helgafell* (Drápuhlíð), Snæfellsnessýslu, Þjms. 6241, stuðlaberg, l. 127 cm, br. 17,5, þ. 6 cm, rh. 5–7 cm:

+ **hier : liggur : undir : gamaliel : þorleifs : son** +

Hér liggur undir Gamaliel Þorleifsson.

Steinninn kom í Þjóðminjasafn 1912, en engar heimildir eru til um tildrög þess eða sögu steinsins. Gamaliel Þorleifsson bjó í Drápuhlíð og er sennilega látinn um 1500.⁶⁰

32. *Breiðabólstaður*, Snæfellsnessýslu, Þjms. 6395, stuðlaberg, l. 121,5 cm, br. 16 cm, þ. 16 cm, rh. 3,1– 5,5 cm, á miðfleti latínuletur:

margret : olafs + dotter · huyler · hier · huor · i · gude · sofnud : er · glod · hiedann · med · fride : fer ·

FRELSARAN : IESVM : A : TRVER · 1681

Margrét Ólafsdóttir hvílir hér,

hver í Guði sofnud er.

Glöð hédan með friði fer,

frelsarann Jesúm á trúer.

Steinninn kom á Þjóðminjasafn 1912. Elsta heimild um hann er frá 1815 en þá fann Ebenezer Henderson hann liggjandi við kirkjudyr. Margrét er ekki þekkt úr öðrum heimildum.⁶¹

Sönghellir, Snæfellsnessýslu. Sönghellis er getið í Bárðarsögu Snæfellsáss og risturnar þar eru vel þekktar. Ekki er þó um eiginlegar rúnir að ræða heldur búmerki, ártöl og krot af ýmsu tagi.⁶²

33. *Sauðafell*, Dalasýslu, Þjms. 15012, stuðlaberg, l. 72 cm, þ. 16,5 cm, br. 18,5 cm, rh. 13–14 cm:

hier : huiler : poste...

Hér hvílir Þorsteinn(?).

Steinninn var sendur Þjóðminjasafni 1951, en ekki eru skráðar neinar heimildir um hvenær hann fannst. Skófir á leturfleti sýna að steinninn hefur verið ofanjarðar áður en hann kom á safnið. Skáhallt yfir aðalstrik-ið á **p**-rúninni er lína klöppuð og einnig yfir leggin á **t**-rúninni. Sennilega eru þessi aukastrík aðeins til skrauts en ekki hluti af bandrún. Slík strík eru algeng á rúnum í handritum. Steinninn er sennilega með yngri rúnasteinum, frá 16.öld eða um 1600.⁶³

34. *Hjarðarholt 1*, Dalasýslu, Þjms. 4537, stuðlaberg, l. 137 cm, þ. 17 cm, br. 19 cm, rh. 5–6,3 cm:

her ligr hallr arason

Hér liggur Hallur Arason.

Elsta heimild um steininn er ótímasett teikning eftir Magnús Grímsson. 1899 fann Daniel Bruun hann sem þröskuld í kirkjudyrum í Hjarðarholti, sama ár kom hann á Þjóðminjasafn. Steinninn er sennilega elstur íslenskra rúnalegsteina, eða frá fyrri hluta 14. aldar. Hallur Arason er ekki þekktur með vissu úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1300–1400.⁶⁴

35. *Hjarðarholt 2*, Dalasýslu, Þjms. 4538, sandsteinn, l. 58 cm, þ. 16 cm, br. 25 cm, rh. 7 cm:

biarni : biarna : so...

Bjarni Bjarnason.

Elsta heimild um þennan stein er frá 1899 en þá sá Daniel Bruun hann við kirkjuna í Hjarðarholti, sbr. (34). Bjarni er ekki þekktur úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1500–1600.⁶⁵

36. *Gufudalur*, Vestur-Barðastrandarsýslu, Þjms. 10930, stuðlaberg, l. 131 cm, 22, br. 22, rh. 9-10 cm:

her : ligur : þórdr : iuars- : son

Hér liggur Þórður Ívarsson.

Steinninn var í kirkjugarðinum í Gufudal, en var sendur til Kaupmannahafnar 1843 ásamt steinunum frá Útskálum og Hvalsnesi og kom með þeim á Þjóðminjasafn 1930. Þórður Ívarsson er ekki þekktur með vissu úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1400-1450.⁶⁶

37. *Hraun* í Keldudal, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Þjms. ónr., grágrýti, l. 135 cm, br. 22 cm, þ. 19 cm. Á efri hluta steinsins er ristur kross um 20 cm hár, undir vinstri krossarminum eru sex stafir ristir niðurávið, fyrsti stafurinn er venjulegt S, hitt eru rúnir:

Sueinn

Sveinn.

Steinninn hefur sennilega verið þekktur lengi. Hann kom á Þjóðminjasafn um 1985. Letrið er veðrað og sprungið og víða hefur flísast upp úr yfirborðinu. Allir stafir eru þó greinilegir. Aldursákvörðun er erfið, en steinninn er að öllum líkindum ungur, varla eldri en frá 17. öld og gæti verið yngri.

38. *Holt 1*, Önundarfirði, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Þjms. 11588, sandsteinn, l. 79 cm, br. 30,5, þ. 5,5 cm, rh. 28 cm:

her : huiler · tórfe : biarn...

Hér hvílir Tórfi Bjarnason(?)

Rúnirnar **uiler** eru settar saman í eina bandrún og rúnirnar **arn** í aðra. Árið 1826 lá steinninn fyrir framan kirkjudyr í Holti, en týndist seinna. Eitt brot fannst aftur um 1930 og er nú í Þjóðminjasafni. Þessi steinn er ekki tímsettur í IR. Sennilega hefur sami maður gert bæði (38) og (39) og líklega á 17. öld.⁶⁷

39. *Holt 2*, Vestur-Ísafjarðarsýslu, nú týnt brot, l. 36,5 cm, br. 21 cm:

hier...

Hér...

Aldursákvörðun sjá (38), *Holt 1*.⁶⁸

Breiðabólstaður í Vesturhópi, Vestur-Húnavatnssýslu. Í fornleifalýsingu sinni (1816-1817) segir Finnur Magnússon m.a. undir *Breidebolstads-Sogn*: „Her siges

at have, lige til de sidste Tider, været en Liigsteen med Runer.“ Ef til vill hefur Finnur ruglað saman Breiðabólstað á Skógarströnd (32) og Breiðabólstað í Vesturhópi.⁶⁹

40. *Höskuldsstaðir*, Austur-Húnavatnssýslu, liggur ásamt fleiri gömlum legsteinum á stalli í suðausturhorni kirkjugarðsins, stuðlaberg, l. 182 cm, þ. 32–36 cm, br. 39 cm, rh. 6–7 cm:

her : huilir : sira : marteinn : prestr

Hér hvílir síra Marteinn prestur.

Elsta heimildin um steininn er frá 1820, en þá lá hann í kirkjugarðinum. Hann er líklega lagður yfir séra Marteini Þjóðólfsso, sem lést 1383.⁷⁰

41. *Reykir* í Tungusveit, Skagafjarðarsýslu, Þjms. 12545, stuðlaberg, l. 49,5, br. 21,5 cm, þ. 19 cm, rh. 5,5 cm:

...lir hlaðkerdr þorlaksdot...

...ir · ioceip · maknus · son · bid · fyrir...

(Hér hvílir) Hlaðgerður Þorlaksdóttir...

(Hér hvílir) Jósep Magnússon. Bið fyrir...

Steinninn fannst 1847 í stétt á hlaðinu á Reykjum. Hann kom á Þjóðminjasafn 1938. Jósep Magnússon gæti verið nefndur í skjali frá 1433, sé það rétt er steinninn frá miðri 15. öld.⁷¹

42. *Mælifell*, Skagafjarðarsýslu, nú týndur:

hier liggur : tomas : olafson

Hér liggur Tómas Ólafsson.

Nafnið var rist með kvistrúnum:

1:1 3:4 1:3 2:4 2:5

t o m a s

Elsta heimild um steininn er dagbók Jónasar Hallgrímssonar frá 1841, en hann fann steininn við prestsetrið á Mælifelli. Hann lýsir steininum sem „trekantet blaalg Doleritsojle.“ Steinninn hefur sennilega verið lagður yfir Tómas Ólafsson, lögréttumann, sem var fæddur um 1560 og bjó á Lýtingsstöðum í Tungusveit, og er þá frá því um 1600 eða fyrri hluta 17. aldar.⁷²

43. *Glaumbær*, Skagafjarðarsýslu, í kirkjugarðinum, um 8 metra frá suðausturhorni kirkjunnar, grágrýti, l. 70 cm, br. 40 cm, rh. 5–8 cm:

her huilir efemia benidiktsdottir firri kona saknaritara kiska kondradssonar fædd 1779 dain 1847 IX barna modir am



11. mynd. Legsteinn Efemíu Benediktsdóttur (43), fyrri konu Gísla Konráðssonar er enn í Glaumbæjarkirkjugarði. (Ljós. Þórgunnur Snædal).

Hér hvílir Efemía Benediktsdóttir, fyrri kona sagnaritara Gísla Konráðssonar. Fædd 1779, dáið 1847, IX barna móðir. am.

Gísli kvæntist aftur 1851 og steinninn hefur hefur ekki verið settur á gröfina fyrr en eftir það, en varla mörgum árum seinna. Síðustu tvær rúnirnar **am** gætu verið fangamark þess er steinninn risti (AM eða ÁM).⁷³

44. Stórholt, Skagafjarðarsýslu, Þjms. 8195, stuðlaberg, l. 132 cm, br. 30, þ. 27, rh. 5–8 cm:

**hiēr : Huilēr : under : tHomas : Brandār : son : huors : sHal : ed
--d : uardueite : under : sinne : Blessan : a**

Hér hvílir undir Tómas Brandarson, hvors sál eð Guð varðveiti undir sinni blessan... Steinninn fannst 1918 í kirkjugarðinum og kom á Þjóðminjasafn 1920. Tímasetning í IR: 1600–1650. Sennilega lagður yfir Tómas Brandsson á Þorleifstöðum, sem var fæddur um 1490 og dáið laust eftir 1570. Rúnirnar eru nokkuð blandaðar latínustöfum og bendir það einnig til að hann sé ungur. Steinninn er nefndur í mörgum fornaldarskýrslum, sagður vera ólæsilegur legsteinn Halls skálds Magnússonar (d. 1601), sem talinn var fjölkunnugur. Hallur var systursonur Tómasar og bjó í Holti um tíma.⁷⁴

45. *Möðruvellir* í Hörgárdal 1, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 11071, stuðlaberg, l. 68,5 cm, br. 21 cm, þ. 23 cm, rh. 6-9,5:

...: udir : hialti : gudmu...

... sigmundr : prest̃r : gudmun...

(*Hér hvílir?*) undir *Hjalti Guðmundsson...*

(*Hér hvílir undir ?*) *Sigmundur prestur Guðmundsson...*

Elsta heimild um steininn er í fornleifaskýrslu Bjarna amtmanns Thorar-
ensens 1817, sem segir hann vera ólæsilegan. Hann var týndur um tíma
en fannst aftur um 1930 í hlöðuvegg og kom á Þjóðminjasafn skömmu
síðar. Hjalti Guðmundsson bjó á Möðruvöllum og lést 1392. Sigmundur
Guðmundsson hefur líklega verið bróðir Hjalta. Steininn er því með
elstu rúnalegsteinum. Tímasetning í IR: 1400-1459.⁷⁵

46. *Möðruvellir* í Hörgárdal 2, Eyjafjarðarsýslu, hraungrýti, nú týnt brot:

...helga...

...Helga(?)... (..Helgason? ...Helgadóttir?)

Stefán Stefánsson, síðar skólameistari, fann steininn sumarið 1893 við
gröft á gömlu kirkjugarðsstæði norður af kirkjugarðinum. Björn M. Ólsen
skoðaði steininn sama ár, en mældi hann ekki eða teiknaði nákvæmlega,
því er ekki hægt að tímasetja ristuna.⁷⁶

47. *Munkapverá* 1, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 5629, stuðlaberg, l. 112 cm, br.
25 cm, þ. 20 cm, rh. 10 cm:

...uigdis : arna : dotter : gud : fride : hennar : sal

: er : hennar : artid : tueim : nottum : firir : mar...

(*Hér hvílir?*) *Vigdís Árnadóttir. Guð friði hennar sál, er hennar ártið tveim nótt-
um fyrir Marlu(messu fyrri/síðari?).*

Steinninn er þekktur frá byrjun 19. aldar og lá þá í kirkjugarðinum.
Hann kom á Þjóðminjasafn 1908. Vigdís Árnadóttir gæti hafa verið dóttir
Árna Einarssonar í Stóradal í Eyjafirði, hún lést um 1450.⁷⁷

48. *Munkapverá* 2, Eyjafjarðarsýslu, stuðlaberg, l. 16 cm, br. 14 cm, þ. 18
cm, rh. 4,5-5,0 cm:

...ynk : pa...

Brotið fannst 1987 við norðurvegg kirkjunnar, þegar verið var að styrkja
undirstöður hennar. **y**-rúnin hefur myndina **ŷ** (strikið yfir leggin þó lá-
rétt), bendir það til að steinninn sé gamall, líklega frá 15. öld. **k**-rúnin er
öfug. Steininn er nú á Minjasafninu á Akureyri.⁷⁸

Í *Leyningshólum*, við Tjarnargerðisvatn í Eyjafirði er grásteinn með „kistulagi“, sprunginn í tvennt, kallaður Völvuleiðið, l. 180 cm, br. 43 cm, h. 25 cm. Á annarri hliðinni eru nokkur strik, klöppuð í steininn, þau eru greinilega gerð af mannahöndum, en ekki rúnir, hæð þeirra er 10 til 12 cm.⁷⁹

49. *Flatey*, Suður-Þingeyjarsýslu, Þjms. 8596, hraungrýti, l. 124 cm, br. 58 cm, þ. 17 cm, rh. um 10 cm:

herhulerþo orbirggþoru

Hér hvílir Þorbjörg Þorvaldsdóttir(?)

Steinninn fannst í kirkjugarðinum í Flatey 1912 og kom á Þjóðminjasafn 1922. Rúnirnar eru ójafnar og illa gerðar, greinilega af óvönum steinhöggvara. Tímasetning í IR: 17. öld.⁸⁰

50. *Ljósavatn*, Suður-Þingeyjarsýslu, stuðlabergsbrot, l. um 110 cm, br. 19 cm, þ. 15 cm, rh. 7–9 cm:

her : huiler : halld...gils : d...

Hér hvílir Hall(dóra Þor)gilsdóttir...

Steinninn var þekktur í byrjun 19. aldar og var þá af sumum talinn vera legsteinn Þorgeirs Ljósveitningagoða. Steinninn er nú geymdur í kirkjunni. Hann er í fjórum brotum og um 30 cm langt brot vantar. Halldóra Þorgilsdóttir er ekki þekkt úr öðrum heimildum. Tímasetning í IR: 1400–1500.⁸¹

51. *Grenjaðarstaður*, Suður-Þingeyjarsýslu, í kirkjugarðinum framan við kirkjuna, stuðlaberg, l. 130 cm, br. 17 cm, þ. 12 cm, rh. 5,5–6 cm:

a) **her : huilir : sigrid : hrafns : dotter : kuinna : biarnar : bondda**

b) **semundz : sonar : gud : fride : hennar : sal : til : godrar : uonannar :**

c) **huer : er : letrid : les : bid : firir : blidre : sal : syngge : signad : ues**

Hér hvílir Sigríð Hrafnsdóttir, kvinna Bjarnar bónda Sæmundssonar. Guð friði hennar sál til góðrar vonannar. Hver er letrið les, bið fyrir blíðri sál, syngi signað vers.

Steinninn var þekktur í byrjun 19. aldar og hefur alltaf verið í kirkjugarðinum. Björn Sæmundsson bjó á Einarstöðum í Reykjadal og var kunnur maður á 15. öld. Sigríður er ekki þekkt úr öðrum heimildum en gæti hafa verið dóttir Hrafns lögmanns Guðmundssonar. Tímasetning í IR: 1400–1450.⁸²



12. mynd. Greinarhöfundur hreinsar steininn á Grenjaðarstað (51). Safnvörður og Bergsteinn Gunnarsson frá Kasthvammi fylgjast með. (Ljós. Jöran Westberg).

52. *Múli*, Suður-Pingeyjarsýslu, Þjms. 8757, stuðlaberg, l. 141 cm, br. 18 cm, þ. 18,5 cm, rh. 7-8 cm:

ingiridr

Ingiríður.

Steinninn lá í byrjun 19. aldar í kirkjugarðinum í Múla. Hann var síðar notaður í vegghleðslu. 1923 var hann sendur á Þjóðminjasafn. Tímasetning í IR: 1475-1500.⁸³

Gunnarsstaðir í Þistilfirði, Norður-Múlasýslu. Í fornleifaskýrslu sinni 1821 kveðst séra Hannes Scheving hafa komið „í einn Hellir við Gunnarsstada Tún í Þistilfirði, sem allur var utþráður innann með Rúnir, af hvörum eg hefi bedid s^{ra} Jón á Svalbardi að taka Utskript, enn ecki feingid, og sagdi hann það nægdi að Leutenant Born hafi tekið hana í fyrra áður en sigldi.“⁸⁴

Hof í Álftafirði, Suður-Múlasýslu. Í fornleifafrásögn séra Sveins Péturssonar á Hofi í Álftafirði segir hann m.a: „Rúnasteinar eru hér ej nema einn afgangur hér í stétt fyrir Kyrkiudyrum, Letur hans er svo mád og vindblásid, að jeg trúi eingin géti úr þvj ráðid.“⁸⁵

53. *Núpsstaður*, Vestur-Skaftafellssýslu, Þjms. 15211, stuðlabergsbrot, l. 33 cm, br. 16 cm, rh. 10 cm:

...uiler · biörn

(*Hér?*) *hvíllir Björn*.

Steinninn er þekktur frá því um 1820. Ekki er þó ljóst af eldri lýsingum hvort hann var þá í vegg bæn hússins, en þar vísaði Hannes Jónsson Bæksted á hann 1937. Hann var þá tekinn úr veggnum og geymdur í bæn húsinu. Steinninn kom á Þjóðminjasafn 1952. Hann er sennilega frá 15. eða 16. öld.

Í fornleifaskýrslu sinni 29. september 1817 segir séra Jón Jónsson á Kálfafelli m.a.: „Paa samme Sted [þ.e. Núpsstað] har man for faa Aar siden fundet en Steen i Kirkegaarden med en Runelinie, men stenen er saa slidt og bedærvet at den neppe kan aftegnes... Ligeledes et Brudstykke af en anden Steen med tre Runebogstave.“ Þar sem þessar lýsingar geta tæplega átt við stein (53) verður að gera ráð fyrir að upphaflega hafi þrír legsteinar með rúnalettri verið í Núpsstaðarkirkjugarði.⁸⁶

54. *Kirkjubæjarklaustur*, Vestur-Skaftafellssýslu. Legsteinsbrot með rúnum, nú týnt. Samkvæmt fornleifaskýrslu Bergs Jónssonar (1817) fannst steinninn „Wid Líka Greftrun...i Kijrkubæjar Kyrkiu Garde...Enn það Fleira má af þeim hafa verid Á þann Veg Steinsins, sem Stafirner eru í klappader, verdur eij gjöggvad, þar hlaúpid er úr Steininum.“ Rúnirnar voru greinilega illa farnar, í teikningu Bergs eru aðeins tvö fyrstu orðin áreiðanleg: *Hér hvíllir...* Nafn þess er steinninn átti gæti þó hafa verið *Vé-geir*. Sama ár skoðaði Aschlund landmælingamaður steinninn við kirkjudyrnar: „...en femkantet prismatisk Runesteen der for har været meget længere og paa hvis eene Side meget utydelig kan læses neden staaende Karakterer af hvilke jeg ikkuns i Runealphabetet kan kjende enkelte Runer, hvilket maaske tildeels kommer af de naturlige Ujevnheder i Stenen der foraarsage at den ikke nøiagtig kan Aftegnes.“⁸⁷

55. Legsteinn Sveinbjarnar Egilssonar í kirkjugarðinum við Suðurgötu er stuðlaberg (Baulusteinn), l. 155 cm, br. 25 cm, þ. 22 cm, rh. 11 cm:

sueinbjorn egilsson

Ártalið er einnig í rúnalettri

Y1111X11—Y1111111

MDCCXCI MDCCCLII (1791–1852)

Um legsteininn farast syni Sveinbjarnar, Benedikt Gröndal, svo orð í *Dægradvöl*: „Yfir föður minn var fenginn stuðlabergssteinn úr Baulu

(það átti að vera svo „þjóðlegt“), og var hann ekki látinn standa upp, heldur lagður, nafn föður míns á honum með rúnalettri, sem enginn hér gat lesið. Þessi smekklaus hugmynd var líklega úr Jóni Árnasyni, því hann var enginn smekkmaður, þótt honum gengi hið bezta til, því hann bar hreina virðingu fyrir föður mínum, má og vera að hann hafi nokkuð farið eftir legsteini Kjartans Ólafssonar, sem myndaður er í ferðabók Eggerts, því það hefur Jón þekkt. En faðir minn var enginn rúnameistari og gaf sig ekkert að þeirri fræðigrein, og átti þetta því ekkert hér við. Þessi steinn varð skjótt vallgróinn og horfinn í grasi og mold, og sést nú ekki lengur, vita því fáir nú, hvar Sveinbjörn Egilsson hvílir.“⁸⁸

Í kirkjugarðinum við Suðurgötu er einnig minnisvarði yfir Sigurð Vigfússon fornminjavörð. Sigurður lést 1892 en minnisvarðinn var reistur 25 árum seinna, 1917. Steinninn er grágrýtisbjarg úr Öskjuhlíð og reistur á haugmyndaðri undirstöðu á leiðinu, um 20 metra vestan við klukknaportið í miðjum garðinum, h. 195 cm, br. 70 cm, þ. 65 cm, rh. 10 cm. Skrautið á miðfleti er sótt til þiljanna frá Möðrufelli í Eyjafirði, en það er í Hringaríkisstíl og frá 11. öld.

**reykuikinkar reistu stein þennan yfir sigurd sôn uigfusar forstöðumann
forngrípásafnsins og ólinu eginkonu hans**

*Reykvíkingar reistu stein þennan yfir Sigurð son Vigfúsar forstöðumann Forn-
gripasafnsins og Ólinu eignkonu hans.*⁸⁹

Munir

56. *Viðey*, Reykjavík, Árbæjarsafn V93-372, brot úr rúnakefli, l. 5,2 cm, br. 1,7 cm, þ. 0,6 cm, fundið við fornleifarannsóknir 1993, í röskuðu lagi, í rúst skálans, gólfskán sem hefur verið tímsett til 10. eða 11. aldar. Rúnirnar benda þó fremur til 11. aldar, þær eru skornar þvert yfir flötinn, báðum megin á spýtunni og á annarri brún:


Framhlið: **ab : fer : kui :**

Brún: **i i l u e k --**

Bakhlið: **-- a t i : a s t**

Rúnirnar á framhliðinni eru upphafið á textanum, endirinn er á bakhliðinni. Rúnirnar **ati** mynda ekki orðið *átti* því þær eru seinni hlutinn af lengra orði. En lokaorðið **ast** gæti verið *ást*.

James Knirk getur þess til að **ab : fer : kui :** sé latína og þýði: „bær/bring den som (nom./dat)“. En fremur ósennilegt er að hér sé um latínu að ræða, a.m.k. ef aldursgreining á gólfskáninni stenst, þar sem



13. mynd. Rúnirnar á þessu spýtubroti sem fannst í Viðey 1993 (56) eru sennilega frá 11. öld og elstu rúnir á Íslandi. Teikning James Knirk. Greinarhöfundur les lítillega öðruvísi úr rúnunum.

rúnaristur á latínu fóru varla að tíðkast fyrr en á 12. öld og þá oftast í kirkjum og á kirkjugripum.⁹⁰

57. *Svið*, við Reykjavík, Þjms. 681, vaðsteinn, l. 5,6 cm, rh. 3 cm. Áletrun: **Þ g** og ólæsilegt ártal (1682?). Steinninn fannst í maga á þorski, sem kom á lóð gefandans vestur á Sviði 22. maí 1869. Gefinn safninu 26/5 1869 af Ólafi Steingrímssyni. Ekki er óhugsandi að steinninn sé frá 17. öld.⁹¹

58. *Kirkjubrú* (Kirkjustræti), Reykjavík, Þjms. 5840, steinn úr dreka, flatur og þunnur, ferhyrnt gat á miðju fyrir stöngina, þvm. 27 cm, gatið 2,7 cm. Steinninn fannst við götugróft við Kirkjubrú í Reykjavík. Á honum er 10 cm há bandrún **hns** eða **hls**. Ristan er tæplega eldri en frá 17. öld.⁹²

59. *Tjarnargata 3A*, Reykjavík, Þjms. 5140, innsigli úr tini fornt, hnapp-laga með kringlóttri stétt, þvm. 2,8 cm, h. 1,8 cm, rh. 0,5–1,0 cm, illa farið og letrið illlæsilegt. Í safnskrá segir að stafirnir séu „latínuletursupphafsstafir stórir. Skal jeg ekki fullyrða neitt um hvaða nöfn standa á innsiglinu að svo komnu.“ Undir skráningunni stendur með annarri hendi:



14. mynd. Innsiglið (59) sem fannst við Tjarnargötu 1904 er sennilega frá 14. öld. (Ljósmynd. Bjóðminjasafn).

„Ath. Í áletruninni meðfram brúninni eru bæði latneskir upphafsstafir og rúnir virðist mega lesa þær: S: (igillum) TORLEICOI ÆEI FILI. Fanga-markið er **toe** eða TOE. Nafn eigandans er Þorlákur Egilsson. Kynni að vera um að ræða Þorlák þann, sem bjó á Víkurjörð á miðöldum og um er getið í Vilkinsmáldaga 1397. Þ(orkell) G(rímsson).“

Letrið er mjög torlesið og erfitt að staðfesta að Þorkell hafi lesið rétt, en **TORleicOI æei fili** mætti að vísu þýða Þorlákur/ Þorleikur Egilsson. Innsiglið fannst við gröft fyrir kjallara undir húsi Haraldar Möller 1904 og var gefið safninu árið eftir af Árna Björnssyni, Smiðjuhúsi við Kapla-skjólsvæg í Reykjavík.⁹³

60. *Hruni*, Árnessýslu, Þjms. 1933, snældusnúður úr leirsteini, þvm. 5,3 cm, gatið 1,8 cm, rh. 1,6 cm.

Áletrun:

þôra : a mig

Þóra á mig

Snældusnúðurinn fannst haustið 1880 í matjurtagarði fyrir neðan bæ í Hruna: „ofarlega í mold“, kom á Þjóðminjasafn árið eftir. Rúnirnar eru sennilega frá 13. öld og séra Jóhann Briem í Hruna, sem sendi Þjóðminjasafni snúðinn, taldi þetta vera nafn Þóru Guðmundsdóttur móður Gissurar Þorvaldssonar (sjá inngang bls.10).

Framburðurinn *mig* varð varla algengur fyrr en á 14. öld en verður vart þegar á 13. öld, og ristan er e.t.v. vísbending um að sá sem rúnirnar risti hafi verið orðinn óöruggur um framburðinn.⁹⁴

61. *Bergsstaðir*, Árnessýslu, Þjms. 146, trafakefli, l. 48 cm, br. 6 cm, þ. 7 cm, rh. 2,8 cm. Fremst á keflinu er **p**-rún og sködduð bandrún, hugsanlega mynda rúnin og bandrúnin nafnið *Þórdís*.

Áletrun með latínustöfum: OLAFUR SIGVS SON HEFUR S(korið) ennfremur IHS, ártalið 1693 og PGS. Gefið safninu 1864 af Péttri Guðmundssyni bónda á Bergstöðum.

62. *Kálffholt* á Holtum, Rangárvallasýslu, Þjms. 865, trafakefli, l. 55 cm, br. 8,7 cm, þ. 5 cm, rh. 2,7 cm, á það er grafin bandrún:

ors

Keflið var gefið safninu 1871 af Þórunni Bjarnadóttir prestsfrú í Kálffholti. Því er svo lýst í skrá safnins: „Það er mjög gamallet og skorið mjög einkennilega með hnútum sem ganga yfir báða enda, og í miðjunni eptir endilöngu keflinu, og er alt eitt band, sem gengur frá enda til enda eptir öllu keflinu, og liggur þétt saman, og brugðið hvað undir annað, má rekja það með mestu nákvæmni: þetta er svo vel gjört, að eg hygg þá færri, sem gjöra það eptir, hvað þá heldur að finna sjálfir upp skurðinn: neðan á öðru handfanginu eru þrjár rúnir bundnar saman... keflið er varla yngra en frá fyrri parti 17. aldar, eða eldra: á því er ein rós nokkurn veginn í byzantínskum stíl.“ „Rósin“ er sennilega viðarteinungarnir þrír á miðju keflinu.

Keflið er sagt vera úr eigu Þórunnar Jónsdóttur Arasonar á Grund í Eyjafirði, en gefandinn var afkomandi hennar, og hér átti að vera hennar nafn en rúnirnar og tímasetningin gera það nokkuð vafasamt (sjá inngang bls.5-6).

63. *Bergþórshvoll*, Rangárvallasýslu, Þjms. 9276, rúnakefli, verndargripur, l. 17 cm, br. 2,2 cm, þ. 0,8 cm, rh. 1,3-1,7 cm.

a) **abcdefghijklmnopqrstu**

b) **sator : arepo : tenet : opera : rotas**



15. mynd. Rúnakeflið frá Bergþórshvoli (63) hefur sennilega verið borið sem verndargripur. (Ljós. Þjóðminjasafn).

Keflið fannst 1925 og kom á safnið árið eftir. Það fannst á um 1 m dýpi í jörðu þegar grafið var fyrir kjallara á nýju húsi. Rúnirnar eru verr farnar á hlið b, sérstaklega seinni helmingurinn, þar er keflið mun dekkra (brennt?). Fyrir framan fyrstu rún hefur verið tálgað úr keflinu, þar eru líka tvö göt sem band gæti hafa verið dregið í gegnum. Algengt var að rista rúnastafrófið á gripi sem vörn gegn illum vættum eða öndum (sbr. 65). Setningin *sator arepo...* þjónaði sama tilgangi og keflið hefur eflaust verið verndargripur af einhverju tagi. Tímasetning í IR 17.-18. öld.⁹⁵

64. *Árkvörn*, Rangárvallasýslu, Þjms. 15733, snældusnúður úr móbrúnum leirsteini, þvm. 5,7 cm, þ. 2 cm, gatið 1,7 cm, rh. 1,6 cm.

Rúnirnar eru á neðra borði og meðfram brún:

iuānha

Jóhanna(?).

Rúnirnar eru fremur vel varðveittar, nema þar sem kvarnast hefur úr steininum. Gefinn safninu 1956 af Páli Sigurðssyni bónda í Árkvörn í Fljótshlíð. Ekki er hægt að tímasetja rúnirnar með vissu en þær gætu verið frá miðöldum.

65. *Stóramörk*, Rangárvallasýslu, Þjms. 10100, snældusnúður úr leirsteini, þvm. 5,5 cm, gatið 1,4 cm, rh. 1,1 cm:

: mariafuporkhniastbmly

Snúðurinn fannst sumarið 1926 og kom árið eftir í Þjóðminjasafn. Rúnastafrófið var rist á muni, oft ásamt dýrlingsnöfnum eða bænum, sem vörn gegn illum öndum eða vættum, sjá einnig (63) og (72). María er vafalaust nafn Maríu meyjar, en það tíðkaðist ekki sem skírnarnafn fyrir siðbót. Eins og snúðurinn frá Hruna hefur þessi verið talinn grænlenstur



16. mynd. Snældusnúðurinn frá Stórumörk (65) er frá 13. öld. Á hann er skorið nafn Maríu meyjar og rúnastafrófið og hefur það sennilega verið gert í verndarskyni. (Ljósmynd. Bengt A. Lundberg).

en báðir eru þeir líklega íslenskir. Snúðarnir eru sennilega frá 13. öld, sjá (60) og inngang bls. 10.⁹⁶

66. Stóraborg, Rangárvallasýslu, Þjms. Stb LF-1168, ritstíll úr blýi, l. 9,6 cm, br. 2,7 cm, þ. 0,4 cm, rh. 1,8-2,0 cm. Rúnirnar eru rispaðar öðru megin á breiða flötinn, þær eru mjög grunnar og máðar:

blý

Stíllinn fannst 1971 á yfirborði í kirkjugarðinum við bæjarhólinn. Stílar af þessu tagi voru notaðir til að skrifa á vaxspjöld, en þau voru notuð fram á 15. öld. Stíllinn er því varla yngri en frá því um 1400.⁹⁷

67. Stóraborg, Rangárvallasýslu, Þjms. Stb 1985:070, rúnakefli eða spjald, l. 7,4 cm, br. 2,5 cm, þ. 0,5 cm, rh. 2,5 cm. Fundið við fornleifarannsóknir í bæjarrústunum á Stóruborg 1985. Annar endinn er sléttur en hinn brotinn, og sjást leifar af rúnastrikum á brotna endanum. Rúnir á báðum hliðum:

a) **krhknhina-...**

b) **-rssþnlþerlnr...**

Rúnirnar eru ekki alveg eins á báðum hliðum, því er ekki víst að þær séu skornar af sama manni. Líklega er um dulmálsletur af einhverju tagi að ræða. Keflið er sennilega ekki yngra en frá því um 1500.⁹⁸

Skógar, Rangárvallasýslu, Byggðasafnið, lok af trafaðskjum, frá um 1600, með höfðaletri og ókennilegum „rúnum“ á lokinu, þvm. 25, 5 cm, h. 5 cm. Meðfram brúninni stendur, að sögn Þórðar Tómassonar, með höfðaletri: „Hvað sem þú gerir, ger það vel“. Höfðaletrið í innra hringnum á öskjunum hefur ekki verið lesið, ekki heldur „rúnalettrið“ í ytra hringnum, samtals 46 stafir, þó er augljóslega um einhverja tegund af dulrúnum er að ræða. Á byggðasafninu eru einnig fjalir og steinar með búmörkum og rekamörkum.

68. *Þórsmörk*, Rangárvallasýslu, Þjms. 330, ferhyrnd hringja, þornlaus, stærð 3x3 cm. Á brúninni þar sem hringjan er rekin saman er letur, h. 0,4 cm, fyrstu fimm stafirnir eru latínustafir, hinir eru rúnir:

REPFAstvr

Reipfastur.

Af ristunni að dæma hefur hringjan verið notuð til að festa reipi. Í skrá safnsins er letrið kallað „illlæsilegur miðaldar-rúnaletursblendingur.“ Ekki er útilokað að hringjan sé frá miðöldum. Hún var færð safninu árið 1866 af Guðmundi Péturssyni bónda á Hofi á Rangárvöllum.

69. *Indriðastaðir* í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu, Þjms. 11687, tréreka úr furu, l. 90,5 cm, br. blaðsins 21,5 cm, rh. 1,8–2,5 cm. Áletrunin, sem er 15,5 cm löng, hefst á blaðinu og nær alveg niður að brúninni. Rúnirnar hafa verið um 2,5 cm háar, en hafa flestar misst neðsta hlutann í sprungunni, sem nær eftir endilöngu blaðinu fyrir ofan rúnirnar og langt uppá skaftið. Að öðru leyti eru rúnirnar vel varðveittar og auðlesnar:

boattiatmik · inkialfr · kærþi

Páll lét mik, Ingjaldur gerði.

Ristarinn hefur snúið l-rúnunum (l) við svo úr verður (l) en slík mistök voru algeng. Rekan fannst vorið 1933 í gamalli mógröf um 1,5 m undir yfirborði mýrarinnar. Hún er heil, en ber merki þess að hafa verið í notkun lengi, spaðabrúnnin er eydd og sprungin og er líklegt að blaðið hafi upphaflega verið stærra og áletrunin lengri. Rekan er sennilega frá 12. öld og áletrunin því ein af elstu rúnaristum landsins.⁹⁹

70. *Ferjukot* í Borgarhreppi, Mýrasýslu, Þjms. 251a, trafakefli, l. 59 cm, br. 7 cm, þ. 4 cm, sh. 3 cm. Keflið er með rósastreng ofaná. Á það er ritað með latínuletri og nokkrum rúnum:

KaREtas ÞORVARDs DOTTER Á KIEFLINN ANNO 1734 KEFLADV FAST

Karetas Þorvarðsdóttir á keflinn. Anno 1734. Keflaðu fast.

Keflið var gefið Þjóðminjasafni 1865 af Guðmundi Stephanssyni bónda á Ferjukoti.¹⁰⁰

Miklaholt, Hnappadalssýslu, Þjms. 134. Hringur úr kopar, innsigli, með áttstrendri stétt, þvm. 2 cm, stéttin er 1,2x0,9 cm. Á hana er grafið innsigli, manns höfuðskel og tveir lærleggir lagðir í kross, og bandrún eða búmerki þar upp af, „gæti maður því hugsað sér að læknir hafi átt innsiglið. Hringur þessi fannst í Miklaholts kirkjugarði á mjög fúinni manns kjúku er grafið var til undirstöðu kirkjunnar.“ Gefinn safninu af Helgu húsfreyju á Rauðkollstöðum í Eyjahreppi. Stéttin er mjög slitin og ekki hægt að skera úr því með vissu hvort táknið yfir höfuðskelinni er bandrún eða búmerki, hún er því ekki tölusett hér.

71. *Hjarðarholt*, Laxárdalur, Dalasýslu, Þjms. 7554, kirkjuhurðarhringur úr kopar, ferstrendur í gagnskurð með breiðum brúnaflötum, með hnúðum, þvm. 12,2 cm. Neðan á neðsta hnúðinn er grafin bandrún, h. 1,5 cm:

mar

Rúnirnar gætu verið upphafið á nafni Maríu guðsmóður. Hringurinn, sem að öllum líkindum er frá miðöldum, kom á safnið 1919.

72. *Hvammur í Hvammssveit*, Dalasýslu, Þjms. 4193, brýni, l. 19 cm, br. 3 cm, þ. 2 cm, rh. 1,5 cm:

...-k hnias tbmly

Gefið safninu 1895 af séra Kjartani Helgasyni presti í Hvammi í Hvammssveit og sennilega er brýnið fundið þar. Í skrá safnsins stendur aðeins að það sé fundið „nær 2 álnir í jörðu“. Algengt var að rista rúnastafrófið á verndargripi til varnar gegn illum öndum en það gat einnig séð um að óskir eða bænir rättust, e.t.v. er það með ósk um að ljárin bítu nú vel sem það var krotað á brýnið. Erfitt er að tímasetja rúnirnar en þær gætu verið gamlar, frá 12. eða 13. öld (sjá inngang bls. 10). Sjá einnig (63) og (65).¹⁰¹

73. *Vatnsfjörður*, Norður-Ísafjarðarsýslu, Þjóðminjasafnið, Kaupmannahöfn MCDXXI, vatnskanna (aquamanile) frá miðöldum, l. 40 cm, br. 12

cm, h. 30 cm. Rúnirnar eru ristar á skjöldinn framan á ljóninu, h. 6,6 cm, br. 7 cm, rh. 7-9 cm:

**leon . þetta . er . gefet . gu
þi . til . dirðar . ok . hinom
helga ulaf . at . uatsfirþ
e . af . þorvaldi . ok
þordiso**

Ljón þetta er gefið Guði til dýrðar og hinum helga Ólafi að Vatnsfirði af Þorvaldi og Þórdísi.

Kannan var gefin safninu 1825 af syni Skúla Torlaciusar en Skúli hafði keypt hana á uppboði eftir hinn þekktu sagnfræðing P. F. Suhm, en ekki er vitað hvenær það komst í eigu Suhms. Sennilega er þetta sama vatnsdýr og það sem að sögn Jóns Ólafssonar fannst á dögum Jóns prófasts Arasonar í Vatnsfirði (1636-1673) í haugi við prestsetrið ásamt skírnarfonti, kirkjudyrarhring og járnhamri.

Vatnskönnur af þessu tagi voru algengar á 13. öld og það gæti þess vegna verið rétt að ljónið sé upphaflega komið frá Þorvaldi Snorrasyni og Þórdísi Snorradóttur Sturlusonar. Rúnirnar eru yngri og varla eldri en frá 17. öld. Virðast þær vera sóttar í prentaða fyrirmynd, e.t.v. rit Ole Worms *Literatura Runica* (1636) eða Thomasar Bartholin *Antiquitatum Danicarum* (1689), m.a. er orðaskilamerki einn punktur neðst í línunni, eins og tíðkast í þeim bókum. Hvort sem sagan um að ljónið hafi fundist í haugi er sönn hefur það að öllum líkindum verið meðal þeirra kirkjugripa sem Vatnsfjarðarkirkja seldi til Danmerkur 1651, en samkvæmt Árbókum Espólins seldu þá margar kirkjur „óþarfligt inventaríum“ og áttu peningarnir sem fengust fyrir þá gripi að „setjast á rentu hjá skilríkum mönnum í Danmörku“ (Sjá einnig inngang bls. 11).¹⁰²

74. *Gautshamar* við Steingrímsfjörð, Strandasýslu, Þjms. 258, trafakefli, l. 39 cm, br. 7 cm, þ. 4,5 cm, lh. 1,5-1,8 cm. Letrið er sambland af höfðaletri, grísku letri og rúnum, sumum ókennilegum:

(t)hoRGlerduR ARNadoteR A kiefleþ KEFLED ILla krAssað ER kneureNN ...ANNO 1720.

Þorgerður Árnadóttir á keflið. Keflið illa krassað er, knífurinn... Anno 1720.

Keflið var fært safninu 1865 af Guðmundi Sigurðssyni, aðstoðarpresti á Stað í Steingrímsfirði, en hann fékk það og annað kefli (Þjms. 257) hjá Sæmundi Bjarnarsyni á Gautshamri.

75. *Prestbakki* í Hrútafirði, Vestur-Húnavatnssýslu. Þjms. 156, trafakefli, l. 53 cm, br. 8,5 cm, þ. 3 cm, lh. 1 cm. Letrið er sambland af höfðaletri, latínuletri og rúnum:

SV SEM : KIÆFLED : ÆIGNAST : A :

EILIFA : BLESSAN : HREPÆ :

ANNIST : GUD : ÞA : AVÐAR : NA :

SO : OLLDRE : GODI. SLEPÆ.

ANNO 1685

Sú sem keflið eignast á

eilífa blessan hreppi.

Annist guð þá auðar(g)ná

svo aldrei gæði(?) (góðu?) sleppi.

Anno 1685.

Á keflinu stendur einnig með latínuletri: SION LAUDA DOMINUM SALVATOREM. HOMINUM PURGATOREM CRIMINUM

Sion! lofa drottinn, frelsara mannanna, hreinsara lastanna.

Aðeins fáeinir stafir eru eiginlegar rúnir, en sumir höfðaletrastafr líkjast rúnum. Keflið var fært safninu 1864 af [Kristjáni] Eldjárni Þórarinssyni frá Prestbakka í Hrútafirði. Hann var afi Kristjáns Eldjárns fyrrv. forseta.

76. *Langamýri*, Skagafjarðarsýslu, í einkaeign, rúmfjöl, l. 129 cm, br. 17 cm, þ. 1,3 cm, rh. 2,5 cm:

kenn mier iesus kraft þíns orða

a huilu minnar rista fjöl

þeirra mig í skioli skorda

skielí ekkert suefna bö

uig-girding suo völd sie rums

uald-kröftugri öndum hums

uerndar-englar uakt hia standi

uoda salar moti grandi.

Kenn mér Jesús kraft þíns orða

á hvílu minnar rista fjöl,

þeirra mig í skjóli skorda

skelí ekkert svefna bö.

Víggirding svo völd sé rúms

valdkröftugri öndum húms,

Verndarenglar vakt hjá standi

voða sálar móti grandi.

Á fjölinni er ártalið 1878 og fangamörkin O.G.(Ólafur Guðmundsson) og I.E. (Ingibjörg Einarsdóttir). Sálmurinn er eftir Ólaf, sem einnig skar út rúm fjölinna.¹⁰³

77. *Bóla?*, Skagafjarðarsýslu, Þjms. Víð. 67, útskorinn veggskápur eftir Bólu-Hjálmar, h. (framhlið) 64 cm, br. 55 cm, dýpt 22 cm, rh. 4,5 cm. Á skápnnum er mynd af syndafallinu. Efst stendur nafn myndskerans:

híalmar

Hjálmar.

Undir myndinni eru nöfn Adams, ormsins og Evu:

adam or̃m̃ eua

Adam orm Eva.

Ekkert er nú vitað um feril skápsins eða hvenær hann komst í eigu Víðalínshjóna. Hann var gefinn Þjóðminjasafni 1908.¹⁰⁴

78. *Grund*, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 10925, útskorinn stóll frá 16. öld, h. 86 cm, br. 99,5, rh. 2–4 cm.

Texti framan á stólbakinu:

hustru þorunn : a : stolen en benedictt : narfa

Hústrú Þórunn á stólinn, en Benedikt Narfa(son gerði hann?).

Áletranir undir og yfir dýrahringunum:

- | | | |
|-----|---------------------------|-------------------|
| 1) | sol : in : aquaria | ianuarius |
| 2) | sol · in : piscis | februarius |
| 3) | sol · in : ariete | mārcius |
| 4) | <i>sol in tavoro</i> | aprilis |
| 5) | <i>sol in gemine</i> | maius |
| 6) | <i>sol in cancro</i> | iunius |
| 7) | <i>sol in leone</i> | iulius |
| 8) | <i>sol i virgine</i> | aukustus |
| 9) | <i>sol i libra</i> | september |
| 10) | <i>sol i scorpione</i> | october |
| 11) | <i>sol i sagittario</i> | nouember |
| 12) | <i>sol i capricornu</i> | decembr |

Á milli miðfalanna í afturhlið stólsins var lítið þverband. Þegar það var losað úr stólnum 1867 komu í ljós rúnir á þeirri hlið sem inn sneri. Þar hefur smiðurinn m.a. krotað rúnastafrófið. Ennfremur hefur hann merkt saman með rúnum ýmsa af hinum einstöku hlutum stólsins, svo honum skjátlaðist ekki við samsetninguna.

Benedikt Narfason er nefndur í skjölum frá árinu 1495 og var sennilega fæddur um 1480. Stóllinn er einn af þremur stólum sem Þórunn Jónsdóttir biskups Arasonar gaf kirkjunni á Grund 1551. Ólafur Briem keypti tvo stóla af kirkjunni 1843 og sendi þá Finni Magnússyni í Kaupmannahöfn, sem lét þá á Nationalmuseet. 1930 var hinn rúnum prýddi stóll gefinn aftur hingað til lands, hinn stóllinn er ennþá í Þjóðminjasafninu í Höfn. Afdrif þriðja stólsins eru ekki þekkt með vissu.¹⁰⁵

79. *Saurbær*, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 1209–1210, þrjár rúmbríkur úr furu. Miðfjölin með upphafi sálmsins er 75 cm löng, hliðarbríkurnar eru tæplega 70 cm langar, br. 28 cm, þ. 2 cm, rh. 5–6 cm:

1.

uertunumynni huilu ·	drifþu
hiamedheilo	alafrænm
gumeiuglas	igheilannbi
kara ouini-	uara likamann

*Vertu nú minni hvílu hjá
með heilögum englaskara,
Óvini dríf þú alla frá,
en mig heilann bevara.
Líkamann...*

2–3:

sÆteiesuþu	feuegihen
siert hiami	durþierhsa
er sal mina ·	nnleiksins--

*Sæti Jesú þú sért hjá mér,
sál mína fel ég í hendur þér.
Sannleiksins...*

Bríkurnar, sem sennilega eru frá 18. öld, voru færðar safninu 1877 af séra Jóni Austmann, presti í Saurbæ í Eyjafirði. Versin eru úr kvöldsálmi séra Sigurðar Jónssonar í Presthólum (1625–61), sem vinsælt var að skera á rúmþjalir.¹⁰⁶

80. *Núpufell*, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 1600, spónastokkur úr birki, eintrján-ingur, sívalur, l. 21,8 cm, þvm. 6,9–8 cm, rh. 6,4 cm. Neðan á lokinu eru fjórar rúnir, í skránni kallaðir villuletursstafir:

e d k s



17. mynd. Driskipt rúmfföl, sennilega frá 18. öld, frá Saurbæ í Eyjafirði (79). Á hana eru skorin vers úr alþekktum kvöldsálmí. (Ljós. Bengt A. Lundberg).

Rúnirnar eru afbrigði af málrúnum, algengar í rúnahandritum. Stokkurinn var hafður til að geyma í smámuni og hengdur á ólinni (hönkinni) uppá þil. Virðist geta verið frá 17. öld. Gefinn safninu 1877 af Jóhannesi Sigfússyni, skólapilti frá Núpufelli í Eyjafirði.¹⁰⁷

81. *Kjarni*, Eyjafjarðarsýslu, Þjms. 786, trafakefli með drekahöfði á öðrum enda, l. 54,5 cm, br. 7 cm, h. 7,5 cm, lh. 1,1 cm. Á bríkina er skorið með blending af latínuletri og rúnum:

INGIBIÖRG **halls** DOTTER ANN 1751.

Á keflið er einnig skorið með höfðaletri:

SV SM KIEFLINN EIGNAST Á

ÆRV FÁE OG SÓMA

EINGENN ÞINGE EIMDINN HÁ

EIVrINAR LIÓMA. INGEB A.M.

Ingibjörg Hallsdóttir, anno 1751

Sú sem keflinn eignast á

æru fáir og sóma.

Engin þvingi eyndin há

eyjurinnar ljóma.

Gefið safninu 1870 af Páli Magnússyni bónda á Kjarna.

82. *Svalbarð*, Suður-Þingeyjarsýslu, Þjms. 3387, lár með rúnum og latínuletri, h. um 35 cm, rh. 5 cm:

olaus IONE

sihrydur bio

rns dotter a lar

LARINN MED RIET

TV : ANNO : 1673

Olaus Jone. Sigríður Björnsdóttir á lár, lárinn með réttu. Anno 1673.

Lárinn var gefinn safninu 1890 af Baldri Jónssyni á Svalbarði.¹⁰⁸

83. *Grenivík*, Suður-Þingeyjarsýslu, Þjms. 6401, hylki úr birki með furuloki utan um þjónustukaleik og tilheyrandi patínu, bæði úr silfri, h. 11,5 cm, þvm. 9,3-9,8 cm, vídd 6,2 cm. Á hylkið er skorin bandrún eða búmerki samansett af fjórum rúnum:

arni

Árni.

Þverstrík yfir legginns ofan til myndar kross. Sennilega frá 19. öld. Kom á safnið 1912.¹⁰⁹



18. mynd. Lár með rúnum og latínuletri frá Svalbarði í Eyjafirði (82). (Ljósmynd. Þjóðminjasafn).

84. Múli, Suður-Þingeyjarsýslu, leiðisfjöl með rúnum, nú týnd:

i Ðak miær a markun tiær

Í dag mér, á morgun þér.

Samkvæmt fornleifaskýrslu séra Skúla Tómassonar var þessi áletrun upprunalega „Á eirni Leidis Fiöl, látinni yfir Leidi Gudmundar Asmundssonar árid 1760, sem þó nu er brukud fyrir Bakslá við eitt Kvennsæti...“¹¹⁰

85. *Sauðanes*, Norður-Þingeyjarsýslu, Þjms. 339, trafakefli, l. 54 cm, br. 6,5 cm, þ. 4,5 cm, rh. 1 cm. Keflið er málað með rauðum, grænum og bláum litum og á það eru skornir samkvæmt safnskrá „mjög forneskjulegir knútar, sem væri það gjört eptir einhverju afargömlu.“:

anno 1710

a g d a (á k(keflið))

Á keflinu er einnig annað letur, illt aflestrar. Trafakeflið var fært safninu af Gunnari Gunnarssyni aðstoðarpresti á Sauðanesi en samkvæmt skránni var keflið smíðað af Hallgrími föður Þorláks á Skriðu. (Sjá inngang bls. 5).¹¹¹

Hof í Vopnafirði, Norður-Múlasýslu. Samkvæmt fornleifaskýrslu Guttorms Þorsteinssonar var „Rúneskrívt eller Figurer paa Kirkedøren a Hofe.“ Af teikningunni að dæma voru þetta bandrúnir og búmerki.¹¹²

86. *Vopnafförður, Norður-Múlasýslu, Þjms. 727, trafakefli, l. 61 cm, br. 7,5 cm, þ. 5,2 cm, rh. 2 cm:*

arndis þorsteinsd 1707

Arndís Þorsteinsdóttir 1707.

Samkvæmt manntali á Íslandi 1703 bls. 387, er Arndís Þorsteinsdóttir húsfreyja á Kleppjárnstöðum í Tunguhreppi 58 ára. Gefið safninu 1869 af Sigurði E. Sæmundsen verzlunarstjóra á Vopnafirði. Samkvæmt safnskrá er keflið „smíðað úr birki úr Grafarskógi í Eyðabínghá, sem nú er upp-rættur.“¹¹³

Skorrastaður í Norðfirði, Suður-Múlasýslu. Í fornleifafrásögn séra Benedikts Þorsteinssonar á Skorrastað segir hann m.a.: ”Ad sydurstu er hier i Kyrkiunne Ein afgómul kvenn sætes Bakfiól, utskorinn mednockurskonar fásiedu letre er Færster hafa getad komest framm úr eda þeckit fyrir annad enn einlægan Skurd til prydes giórdann, þar i fliótu álite og þó nockud sie grannskodad, synest allt so sem það sama, enn hefur þó syna velsetta Stafe eda Runer fyrir þeim sem nidur i það komast, ur hverium þannig má lesa: Alla tima vil eg lofa drottinn: þetta hefur merkur madur nefnt fyrir mier Laufblómaletur.“¹¹⁴

87. *Ketilsstaðir, Norður-Múlasýslu, Þjms. 12041-2, kaleikur og patína úr silfri. Kaleikurinn er 12 cm hár, skálin 7 cm í þvermál, stéttin er áttstrend, 7,5 cm í þvermál. Patínan er 11,2 cm í þvm. Neðan á báða gripina er grafin bandrún, h. 1,2 cm:*

els

Að öllum líkindum eru þetta upphafsstafir smiðsins. Báðir gripirnir eru íslenskir og líklega frá lokum 18. aldar. Þeir komu á safnið 1936.

88. *Valþjófsstaður, Norður-Múlasýslu, Þjms. 11009, útskorin hurð með rúnaristu í efri hringnum, h. 206 cm, br. 99,5 cm, rh. um 5 cm:*

[----]rikiakonong : hergrapin : eruadrekaþæna

(*Sjá hinn*) *ríkja konung hér grafinn er vá dreka þenna.*

Hurðin er fyrst nefnd í heimildum í Vísitíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 (Þjóðskjalasafn). Hún var kirkjuhurð á Valþjófsstað þar til 1851, er hún var flutt á Þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn, en var gefin aftur til landsins 1930 ásamt fleiri munum, m.a. Grundarstólnum og rúnasteinunum frá Útskálum og Hvalsnesi. Hurðin er sennilega frá lokum 12. aldar eða um 1200.¹¹⁵

Hof í Álfafirði, Suður-Múlasýslu. Í fornleifafrásögn séra Sveins Péturssonar á Hofi í Álfafirði segir hann m.a.: „Rúnaletur veit eg hér ecki tilvera nema á Skírnarfati hér við Hofs Kyrkiu, sem af H^{erra} Prófasti G. Pálssyni er sendt til Nefndarinnar í gegnum H^{erra} Professor F. Magnusen.“ Hér var þó ekki um rúnir að ræða heldur „nogle plattyske Ord“, samkvæmt safnskrá. Fatið er nú í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn.¹¹⁶

89. *Vík í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu, Þjms. 7774, signet úr beini, l. 4,7 cm, þvm. 2,1–2,2 cm, með átthyrndri stétt og sívölu, liðóttu, renndu skafti. Meðfram brúninni er áletrunin ION KOLBEINS·SON· W. Á miðri stéttinni er bandrún, h. um 1 cm, sem sennilega er samsett af rúnunum ionks þ.e. JÓN K.S. – Rúnin er sködduð í miðjunni og ógreinileg. W-ið er sennilega stytting á Vík, en innsiglið var í eigu Jóns Kolbeinssonar á Vík í Lóni, á öndverðri 17. öld. Kom á safnið 1919. Jón Kolbeinsson bjó enn í Vík 1703 þá 71 árs.*¹¹⁷

90. *Vík í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu, Þjms. 7773, koparstíll, brauðstíll, l. 11,7 cm, þvm. 8 cm. Stílnum er lýst svo í safnskrá: „algengur að gerð, sívalur fremst og ferstrendur efst og auga á hausnum; nær slitið út úr því, enda er stýllinn víst ekki yngri en frá 17. öldinni.“ Á hverri hlið ferstrenda kaflans er leturlína, að sumu leyti með rúnunum, en mestmegnis með latínuletri, upphafsstöfum, h. 0,4 cm. Áletrunin máð og óljós:*

HLIOTE LVCKV HEIDVR FØR HRVNDEN fONE

Hljóti lukku, heiður, fjör(?), hrundin væna(?) ...

Textinn virðist vera upphaf á vísu. Þar sem stíllinn er frá svipuðum tíma og innsiglið og var gefinn safninu samtímis og af sömu fjölskyldu er sennilegt að hann sé einnig kominn úr búi Jóns Kolbeinssonar á Vík í Lóni, sjá (89).

Ekki er vitað hvaðan eftirfarandi munir komu á safnið:

91. Þjms. 5026, rúmfjöl með bandrúnum, l. 98 cm, br. 18 cm, þ. 2 cm, rh. 5 cm. Fjölin er hringmynduð til beggja enda, í öðrum hringnum er ártalið 1837 og í hinum stafirnir AGS og EVD, en þeir benda til að fjölin sé úr hjónarúmi. Hvert orð er ein bandrún:

**lattu nu liosid þitt lisa uid rumid mitt hafdu þar sess og sæti
signadi iesus mæti**

**uak þu minn iesus uak þu i mer uaka lattu mig eins i þer
salin uaki þo sofni lif se hun ætid i þinni hlíf amen**

*Láttu nú ljósið þitt
lýsa við rúmið mitt.
Hafðu þar sess og sæti
signaði Jesus mæti.*

*Vak þú minn Jesús, vak þú í mér.
Vaka láttu mig eins í þér.
Sálin vaki þó sofni líf,
sé hún ætíð í þinni hlíf. Amen.*

Fyrri hlutinn er úr gömlum kvöldsálmi, en ekki er mér kunnugt um höfund hans. Seinni hlutinn er 24. og lokaerindið í 4. Passíusálmi. Rúmfjölin kom á Þjóðminjasafn 1903. Fangamörkin gætu verið Árna Guðmundssonar og konu hans Elínar Vigfúsdóttur en samkvæmt manntali 1845 voru þau vinnuhjú í Viðvík í Skagafirði. Fjölin er þá upphaflega úr Skagafirði.¹¹⁸


92. Þjms. 4271, innsigli úr rostungstönn, rennt með 3 djúpum skorum á leggnum og þunnum bríkum á milli, h. um 4 cm, þvm. 2,1 cm. Fóturinn (platan sjálf) er nokkuð þykkur og þar er grafið í hring út við röndina með latínuletri nokkuð torlesnu. Allt letrið má ef til vill lesa SI[gillum] IOHAN[n]I[s] BIO[rnonis]. Innan í þessum leturshring er bandrún, h. 1,2 cm:


ion.

Nafn eigandans hefur því verið Jón Björnsson. Ofan á leggnum er lítil sporöskjulöguð plata, þar á hefur verið grafin rós og stafirnir IB, en aðeins síðari stafurinn er eftir því nálega helmingur plötunnar er brotinn af. Innsiglið er samkvæmt safnskránni af Austfjörðum og kom á safnið 1896.

93. Þjms. 10936, látúnshylki utan um íslenskt rímtal, l. 8,7 cm, þvm. 3,5 cm, rh. 0,8 cm. Ás er í gegnum hylkið endilangt og sveif á að utan. Hylk-

Dreifingarkort yfir ristur á legsteinum,
í hellum og aðrar ristur í stein





ið er með skrautlegum blómagreftri og við endana eru leturlínur umhverfis: VERBUM: DOMINI : MANET : —IN AETRNUM : ESA, „orð guðs varir að eilífu.“ Á öðrum endafletinum er einnig leturlína í kring: ANNO : M:DC:-XV, þ.e. MDCXV. 1615. Á hinum endafletinum, umhverfis sveifina, eru grafnar rúnir í hring:

*** snorre * ionson a rimed**

Snorri Jónsson á rímið.

Gæti hugsanlega verið Snorri Jónsson prestur í Eyjafirði sem kemur síðast við skjal 5. júní 1600, þá enn prestur. Rímtalið var lagt til Þjóðminjasafns í Kaupmannahöfn frá Kúnstkamersi konungs þar árið 1848. Kom á Þjóðminjasafn 1930.¹¹⁹

94. Þjms. 204, þrónastokkur skorinn, l. 35 cm, h. 5 cm, br. 4,7 cm, rh. 1,7–1,9 cm, „með laufavið á hliðum, keðjurós á loki og fangamarki á botni með miðaldar rúnlettri.“ Rúnirnar eru fjórar dulrúnir, um 2 cm háar. Á spássíu safnskrár stendur um rúnirnar „sem sumar bækur kalla klapprúnir.“ Ef stafirnir eru lesnir frá handfangi og sem þær klapprúnir sem Jón Ólafsson lýsir í Runologiu eru þeir:

1:3 1:3 4:4 2:4

þ þ d s

En þar sem fjölmörg afbrigði af þessum rúnum eru til í handritum verður túlkunin að teljast óörugg, sbr. nr. (95). Sigurður Guðmundsson málari færði safninu stokkinn 1865. Hann er gamall og auðsjáanlega mikið notaður, sennilega frá 17. öld.¹²⁰

95. Þjms. 1989, smástokkur úr beyki, l. 15,8 cm, br. 6,9 cm, h. 6,8 cm. Honum er svo lýst í safnskrá: „Lokið er fest á með 4 leynilokum og hafa þær verið feldar undir 3 fleygum í lokinu, sem nú eru týndir...“ Á loki, hliðum og göflum eru tvær leturlínur: GBShsi (aftasti stafurinn er skemmdur) A 1811... SKA. Virðist vera upphafsstafir smiðsins h(efur) s(míðað)(stokkinn?) á(rið) 1811. „Á hliðum og göflum er upphleypt leyniletur, á forhlið, hægra gafli og fyrri helming efri línu á bakhlið eru hinar svo nefndu völtu rúnir eða steina skript:

